

BENEDIKT EINARSSON

Fór á hreindýraveiðar á Austurlandi í haust

• á ferðinni
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



UMHVERFISPIG 2009

Staða og þróun umhverfismála

Sérblað um Umhverfispig 2009
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Við flytjum lagerinn!
Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins Fiskislóð 39
Allir sem versla fá bókagjöf

BÓKA LAGERSALA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. október 2009 – 237. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Leikur hjá Balta
Reykjavík-Rotterdam endurgerð í Hollywood með Mark Wahlberg í aðalhlutverki.
FÓLK 20

Að gera sig breiðan
„Þjóðrembuorðræðan um Ísland sem fórnarlamb er skilgetið afkvæmi þjóðrembuorðræðu útrásarmontsins“, skrifar Sverrir Jakobsson.
Í DAG 12

N1-deild kvenna hafin
Íslandsmeistarar Stjórnunnar töpuðu gegn Val í fyrstu umferð N1-deildar kvenna í gær.
ÍPRÓTTIR 23

fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur

VEÐRIÐ Í DAG

ÚRKOMULÍTIÐ Í dag verður norðlæg átt austast á landinu annars austlæg átt, víðast 5-13 m/s, hvassast með ströndum. Stöku él norðaustan og austan til annars þurrt og bjart með köflum.
VEÐUR 4

Bragðgóð nýjung

Fjöröstur

Prófaðu nýja bragðgóða Fjörostinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins 9%

Ríkur af mysupróteínum

Vill 2,4 milljarða úr protabúi Lehman

Íslenskur yfirmaður hlutabréfaviðskipta hjá Lehman Brothers krefst nítján milljóna dollara úr protabúi bankans. Segir frekar ólíklegt að öll krafan fái greidd.

VIÐSKIPTI Íslenskur fyrrum yfirmaður hjá Lehman Brothers fjárfestingarbankanum hefur gert tæplega nítján milljóna bandaríkjadala kröfu í protabúi bankans. Krafan jafngildir 2.355 milljónum króna.

„Það kemur fram í kröfunni út á hvað hún gengur,“ sagði Sigurbjörn Þorkelsson þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöldi. Hann var þá staddur í Hong Kong.

Sigurbjörn staðfesti að hafa gert kröfu í protabúi, en vildi ekki skýra tilurð hennar nánar.

Hann var ráðinn yfirmaður hlutabréfaviðskipta hjá Lehman Brothers á Asíumarkaði í október 2007, og hafði því gegnt starfinu í tæpt ár þegar bankinn fór í þrot.

Sigurbjörn sagði í gær „frekar ólíklegt“ að hann muni fá alla upphæðina sem hann krefst úr protabúi síns fyrrum vinnuveitanda. Spurður hvort hann telji líklegt að fá eitthvað sagði hann: „Hver veit? Ég hef ekkert um þetta að segja.“

Upphæðin er ekki byggð á kaupréttarákvæðum, sagði Sigurbjörn, en vildi ekki tjá sig frekar um á hverju tæplega 2,4 milljarða króna launakrafa væri byggð.

Í kröfu Sigurbjörns, sem er opinbert gagn sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að hann fékk bónusgreiðslur frá Lehman í formi hlutabréfa í bankanum, auk þess sem hann nýtti sér kauprétt í bréfum bankans. Fram kemur í kröfu Sigurbjörns að eign

hans á bréfunum var bundin í ákveðinn tíma. Hann mátti því ekki selja elstu bréfin sem krafan byggist á fyrr en í lok nóvember 2008, og þau nýjustu ekki fyrr en í lok nóvember 2012.

Sigurbjörn tók við sem yfirmaður Lehman Brothers á Asíumarkaði árið 2007, en hóf fyrst störf fyrir bankann árið 1992. Hann starfaði þar síðan, með einu fjögurra ára hléi á árunum 1994 til 1998, og varð einn af framkvæmdastjórum Lehman árið 2001.

Gjaldprot Lehman Brothers hinn 15. september í fyrra skók fjármálamarkaði um heim allan og er gjarnan talið marka upphaf hinnar eiginlegu heimskreppu.

Hjalta Karlsson í New York: Hannaði bóka-kápu fyrir Gore

FÓLK „Það er skrýtið að vinna með svona karakter. Í byrjun pældum við í hvernig það væri og ég var hálf-hræddur við að hitta hann, en hann var rosa næs,“ segir hönnuðurinn Hjalta Karlsson um Al Gore.

Hjalta og félagar hans á hönnunarstofunni KarlssonWilker luku nýlega við að hanna bókina Our Choice: How We Can Solve the Climate Crisis eftir umhverfissinnann Al Gore, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Tvær útgáfur af bókinni koma út í byrjun nóvember, en sú sem Hjalta og félagar hönnuðu er ætluð lesendum í aldursþópnum 10 til 14 ára.

- afb / sjá síðu 26

Steingrímur um orkugjöld: Stóriðjan leggi sitt af mörkum

STJÓRNMÁL Er það til of mikils mælst að stóriðjufyrirtæki og stórnotendur raforku greiði lágt auðlindagjald eins og allir aðrir?

Að þessu spyr Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í aðsendri grein um orku- og auðlindagjöld í Fréttablaðinu í dag.

Steingrímur segir að ekki hafi verið hjá því komist að leggja á orkugjöld til að ná jafnvægi í ríkisbúskapinn. Ósanngjarnt sé að ætlast til þess að almenningur axli allar byrðarnar einn. Þar geti stóriðjufyrirtæki lagt sitt af mörkum. „Væru til dæmis 20 til 30 aurar á kílówattsstund óbærileg hækkun á raforkuverði fyrir þau?“ spyr ráðherrann.

- bs / sjá síðu 14



SLÁTURTÍÐIN HAFIN Frystikistur hagsýnna Íslendinga fyllast nú af slátri. Það myndast smá biðröð í Hagkaupum í gær þegar starfsmenn fylltu kæla af innmat. Slátur er einhver ódýrasti matur sem völ er á og hefur salan tekið kipp í kreppunni.

Átakamál rædd á boðuðum þingflokksfundi Vinstri grænna seinnipartinn í dag: Freista þess að bera klæði á vopnin

STJÓRNMÁL Þingflokkur Vinstri grænna mun funda seinnipartinn í dag, eftir að Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, kemur til landsins af ársfundi Alþjóðagjald-eyrissjóðsins.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja líklegt að forystumenn flokksins muni freista þess að bera klæði á vopnin á fundinum. Ekki náðist í Steingrím í gær, en Katrín Jakobs-

dóttir, varaformaður VG, staðfesti að hann muni mæta til fundarins, raskist flugáætlan ekki.

„Ég reikna með að við förum yfir stöðuna og á ekki von á öðru en að allir verði í sáttahug,“ segir Katrín. Hún segir alveg eins eiga von á löngum og ströngum fundi, þingmenn flokksins ætli að gefa sér þann tíma sem þurfi til að ræða ágreiningsefni.

Ólga hefur farið vaxandi innan þingflokksins undanfarið, og náði hún nýjum hæðum þegar Ógmundur Jónasson sagði af sér sem heilbrigðisráðherra fyrir viku.

Þrátt fyrir óánægju innan flokksins virðast þingmenn VG sammála um að styðja ríkisstjórnina áfram, og ólíklegt þykir að óánægðir þingmenn kljúfi flokkinn.

6tommu bátur 349 krónur

Kafbátur mánaðarins • október

skinkubátur

SUBWAY

Ný bragðtegund

Sælkerakaffi og súkkulaðiflögur

Hagræðing með Oracle & rafrænum viðskiptum

Morgunverðarfundur Skýrr, föstudaginn 9. október

Skýrr býður stjórnendum hjá hinu opinbera til morgunverðarfundar um hagræðingu með rafrænum viðskiptum í Oracle – fjárhags- og mannauðskerfum íslenska ríkisins (Orra).

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2, frá kl. 8-10, föstudaginn 9. október.

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyr.is).

Á fundinum verður meðal annars fjallað um skilgreininguna á rafrænum viðskiptum og í hverju hagræðing með þeim felst.

Skoðað verður hvernig hægt er að spara umtalsverðan tíma og upphæðir með því að gera ferla sjálfvirka.

Kannaðir verða vannýttir kostir í fjárhags- og mannauðskerfum hins opinbera og hvað þarf til að virkja þessa kosti.



8:00 Morgunverður
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 Skýrr býður góðan dag
Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr

8:40 Rafrænir reikningar: Áherslur Fjársýslu ríkisins
Baldur Már Bragason, verkefnastjóri hjá FJS

9:10 Rafræn viðskipti og Oracle: Í hverju felst hagræðingin?
Gestur Traustason, ráðgjafi hjá Oracle-viðskiptalausnum Skýrr

9:40 Opnar umræður og fyrirspurnir
Fundarstjóri: Ólína Laxdal, hópstjóri hjá Skýrr



Allt á einum stað | 569 5100 | skyr@skyr.is



HALLGERÐUR „LANGBRÓK“
HÖSKULDSDÓTTIR

Einn mesti kvenskörungur sem sögur fara af á Íslandi. Hún þótti kvenna fegurst en að sama skapi stórlýnd og óstýrilát.



VÖRÐUR
LÍF- OG HEILSUTRYGGING

Einföld
trygging
fyrir þá sem
þú annt heitast

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vorður.is
til að fá frekari upplýsingar og tilboð í líf- og heilsutryggingar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 **vörður**

KJÖRKASSINN



Á forsetaembættið að birta opinberlega tvö bréf forsetans til sjeiksins Al Thani?

JÁ 87,7%

NEI 12,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að núverandi ríkisstjórn sitji áfram næstu mánuði?

Segðu þína skoðun á visir.is



Forsætisráðherra hefur margsinis sagt endurreisn bankanna á lokastigi:

Endurtekið efni í stefnuræðu

STJÓRN MÁL „Endurreisn bankanna er nú loks á lokastigi,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á mánudagskvöld.

Hún hefur sagt þetta áður. Í febrúar – þegar rúmur hálfur mánuður var liðinn frá því að stjórn hennar tók til starfa – tónduði Jóhanna verkefnið sem þá þegar voru komin í farveg. Meðal þeirra var endurreisn fjármálakerfisins. Í byrjun apríl var verkefnalisti ríkisstjórnarinnar birtur. Í honum sagði: Nú sér fyrir endann á endurreisn bankakerfisins í samræmi við samþykka stefnumörkun. Í aðsendri grein í Mogganum í



FORSÆTISRÁÐHERRA Endurreisn bankanna hefur verið á lokastigi allt þetta ár.

apríl, viku fyrir kosningar, undir millifyrirsögninni „Enduruppbygging bankanna á lokastigi“, sagði Jóhanna endurreisn fjármálakerfisins eitt mikilvægasta verkefni efnahagsáætlunarinnar. „Gríðarlegur árangur hefur náðst á þessu

mikilvæga sviði í tíð núverandi ríkisstjórnar og sér nú fyrir endann á því verkefni.“

Undir lok júní sagði Jóhanna í grein í Fréttablaðinu að rúmur tveimur vikum síðar yrði stórum áfanga náð í endurreisn efnahagslífsins þegar ríkissjóður legði bönkum til eigið fé.

Niðurlag kaflans um endurreisn bankanna í stefnuræðunni á mánudag var svohljóðandi: „Ef fram fer sem horfir þá munu vel fjármagnaðir bankar með víðtæk alþjóðleg tengsl geta tekið virkan þátt í endurreisn íslenskra fyrirtækja samfara því að verðbólga og vextir fara ört lækkanði næstu misserin.“ - bps

Hámark sett á bjórdrykkju:

Ekki meira en 24 bjóra á dag

ÁSTRALÍA Ástralskir kappakstursunnendur verða að láta sér nægja einn kassa, 24 dósir, af bjór á dag á meðan þeir fylgjast með þriggja daga kappakstri sem fram fer í landinu í vikunni.

Lögregla í bænum Bathurst í Suðaustur-Ástralíu hefur sett þessi takmörk til að reyna að takmarka ofdrykkju, sem þykir hafa einkennt áhorfendur keppninnar, að því er fram kemur á vef BBC.

Þeir sem kjósa léttvín fremur en bjór þurfa einnig að hema sig í neyslunni og mega ekki drekka meira en fjóra lítra á dag. Ýmsir kappakstursaðendur hafa mót-mælt takmörkununum. - bj



GEORGE PAPANDEOU Verður bæði forsætis- og utanríkisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný ríkisstjórn á Grikklandi:

Ráðherrarnir verða færri

GRIKKLAND, AP George Papandreou, leiðtogi sósíalista á Grikklandi, tók í gær við sem forsætisráðherra eftir að hafa unnið frækinn kosningasigur á hægri-stjórn Costas Karamanlis um síðustu helgi.

Papandreou tekur einnig að sér stórf utanríkisráðherra í stjórn sinni, sem skipuð verður mun færri ráðherrum en í fyrri stjórn. Tvær konur verða ráðherrar í stjórninni.

Bæði faðir og afi Papandreous hafa gegnt embætti forsætisráðherra Grikklands. - gb

Rauf endurkomubann:

Lögguníðingur löngu kominn

DÓMSMÁL Karlmaðurinn sem hefur verið í endurkomubanni í fimm ár, eftir árás á tvo lögreglumenn á Laugavegi á síðasta ári, hafði dvalið hér svo mánuðum skípti áður en lögregla handtókt hann.

Samkvæmt ákæru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, vegna rofs á endurkomubanninu, kom maðurinn hingað í apríl. Hann var handtekinn í lok september við Sæbraut í Reykjavík.

Auk brotsins á banninu var maðurinn ákærður fyrir að aka vestur Sæbrautina án ökuskírteinis og án þess að öryggisbúnaður fyrir barn væri notaður rétt.

Óttaðist að ná ekki í lyfin sín og deyja keflaður á gólfinu

Hjartveikur úrsmiður á Seltjarnarnesi segist hafa óttast um líf sitt þegar hann var rændur fyrr á árinu. Grunaður skipuleggjandi ránsins segist blásaklaus. Annar ræningjanna er týndur og mætti ekki í dóminn.

DÓMSMÁL Meintur skipuleggjandi hrottalegs ráns á Barðaströnd á Seltjarnarnesi, þar sem úrsmiður var barinn, bundinn og rændur, segist hvergi hafa komið nærri glæpunum. Meint handbendi hans hafa sum hver þegar bent á hann við skýrslutökur hjá lögreglu, en við aðalmeðferð málsins í gær vildi enginn kannast við aðild hans að málinu.

Tveir menn, Viktor Már Axelson og Marvín Kjarval Michelsen, eru ákærðir í málinu fyrir að brjótast inn til úrsmíðsins í maí síðastliðnum. Þar á Viktor að hafa ráðist að honum með ofbeldi þegar hann gekk í flasið á þeim, hóttað honum og bundið hann á fótum og höndum með límbandi, á meðan Marvín stal úrum og skartgripum að verðmæti ríflega tveggja milljóna.

Jóhann Kristinn Jóhannsson er ákærður fyrir að hafa ekið þeim á staðinn. Það er síðan Axel Karl Gíslason, þekktur sem yngsti mannræningi á Íslandi, sem er ákærður fyrir að hafa fengið þremmingana til verksins. Axel hlaut tveggja ára fangelsisdóm árið 2005



Í HÉRAÐSDÓMI Einungis þrjú sakborningar af fjórum mættu fyrir dóm í gær. Þeir Viktor, Axel og Jóhann huldu allir andlit sitt fyrir ljósmyndara. Mennirnir eru um títugt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir að ræna starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi – þá aðeins sextán ára.

Marvín er týndur og mætti því ekki fyrir dóminn í gær, ekki frekar en á fyrri stigum málsins. Marvín hefur hins vegar borið við skýrslu-

tökur að Axel hafi fengið hann til verksins, og að Axel hefði enn fremur hóttað föður hans og bróður ef hann héldi sér ekki saman um þátt Axels. „Það er bara rugl,“ sagði Axel fyrir dómi í gær.

Viktor Már hefur játað sök að

BARNABÖRNIN ÞORA EKKI LENGUR AÐ GISTA HJÁ AFA

Úrsmiðurinn kom fyrir dóminn og lýsti atburðarsíni í smáatriðum. Hann sagði hafa verið hræddur um líf sitt sem hann lá bundinn á gólfinu og var hóttað siendurteknum barsmiðum ef hann hlýddi ekki.

Honum hafi meðal annars verið hóttað að piparúða yrði sprejjað í augu hans hlýddi hann ekki skipunum. „Það leist mér voðalega illa á, að vera bundinn og fá piparúða í augun, þannig að ég lá bara eins og lík,“ sagði hann.

„Ef ég hefði verið aðeins yngri hefði ég tekið á móti honum en það gerir maður víst ekki á

áttaráldri.“ Úrsmiðurinn er hjartveikur og segist hafa orðið sérstaklega smeykur þegar hann var skilinn eftir keflaður, því ef hann hefði ekki getað losað sig fljótlega kæmist hann ekki í tæka tíð í hjartalýfin sín og þá hefði getað farið illa. Sem betur fer tókst honum þó með naumindum að losa sig.

Úrsmiðurinn lýsir Viktori sem kaldlyndum, þótt hann hafi sannarlega sett tusku undir höfuð hans til að betur færi um hann. „Ég bað um vatn að drekka, þá fór hann sjálfur í kranann og fékk sér vatn en gaf mér ekki neitt,“ sagði hann. Enn frem-

ur hafi Viktor lokað að hringja á sjúkrahúsi fyrir hann en ekki gert það.

Svo hafi vist sem ræningjarnir hafi vitað að úr væru í húsínu, því þeir hafi spurt hvar úrin væri að finna. Sjálfir hafa ræningjarnir hins vegar sagst hafa valið húsið af handahófi.

Hann segist hafa jafnað sig af líkamlegu áverkunum fljótt. „En andlega hliðin hefur ekki náð sér enn.“ Verst af öllu séu þó áhrifin á fjölskylduna hans. Til dæmis vilji barnabörnin hans tæpast koma í heimsókn lengur og þori ekki að gista hjá honum.



Ilmandi góður latte kaffibólí

95 kaffibollar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur fengið þér latte kaffibolla á fjögurra daga fresti hjá **Kaffitári** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.



Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000



TILBOÐ Á INNRETTINGUM..!

--- 20% AFSLÁTTUR

... þú færð það aðeins betra hjá



20%
afsláttur

af öllum
HTH
innréttingum!

RAUÐA
LÍNAN



Nýttu tækifærið núna og kauptu HTH innréttingu frá Ormsson með 20% afslætti.

Eldhús-, bað- og þvottahúsinnréttingar auk fataskápa.

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg. Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi.

Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum.

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

HTH eldhús sómir sér vel með hágæða heimilistækjum frá AEG Þér býðst allt að **30% afsláttur** á AEG heimilistækjum þegar þú kaupir HTH eldhús innréttingu

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SETTU ÞAÐ SAMAN



Af hverju að borga meira?



ELDHÚSINNRETTINGAR



BAÐINNRETTINGAR

GULA
LÍNAN



FATASKÁPAR

20%
afsláttur

af öllum
HTH
innréttingum!



ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

TILBÚNAR INNRETTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Gæði innréttinga í gulu línunni **SETTU ÞAÐ SAMAN** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. **SETTU ÞAÐ SAMAN** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegar handlægni og dálítills dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska **HTH** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur.

ORMSSON

S Ö L U S T A Þ I R :

- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL-AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST-AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Daníel Ásgeirsson

sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum

opnar hinn 26. október n.k. stofu í
Læknasetrinu, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík.

Tímappantánir í síma 535 7700.

10% afsláttur



Apótekarinn+
lyf á lægra verði

www.apotekarinn.is



Tebollur

Íslenskur gæðabakstur
með rúsinum og með súkkulaðibitum

Nýtt

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um brottvísanir erlendra brotamanna:

Rannsóknir á hendi lögreglu

LÖGREGLUMÁL Lögregla fer með eftirlit með útlendingum hér á landi og tekur í tilviki EES-borgara ákvörðun um frávísun þeirra, ef tilefni til afskipta rís innan sjö sólarhringa frá komu til landsins.

Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, spurð hvort tilefni sé til að rýmka heimildir Útlendingastofnunar til brottvísunar erlendra brotamanna geri lögregla formlegar, rökstuddar tillögur um tiltekna einstaklinga.

„Verði tilefni til afskipta síðar er það Útlendingastofnun sem getur frávísað eða brottvísað viðkomandi,“ segir dómsmálaráðherra. „En það er alltaf lögreglan sem

rannsakar mál og sendir rannsóknarniðurstöður sínar og gögn til Útlendingastofnunar þegar mál er nægjanlega upplýst til að ákvörðun megi undirbúa eða taka.“ Ragna segir Útlendingastofnun og lögreglu hafa almennt samráð um meðferð mála eftir því sem rannsókn og málsmeðferð í refsivörslu-kerfinu vindi fram.

„Þegar um EES-borgara er að ræða eru gerðar ríkar kröfur til þess að fullvíst sé að af viðkomandi einstaklingi stafi ógn, sem að minnsta kosti yrði þá jafnan til þess að ástæða væri til að gefa út ákæru en eðli brots skiptir einnig máli við ákvörðun um brottvísun.“ -jss



RAGNA ÁRNADÓTTIR Útlendingastofnun og lögregla hafa almennt samráð um meðferð brottvísunarmála.

Útgáfustjóri las yfir póst blaðamanns

Útgáfustjóri Morgunblaðsins segist hafa skoðað tölvupóst blaðamanns til að kanna hvort hann hafi lekið trúnaðarmálum. Formaður Blaðamannafélagsins segir samband við heimildarmenn í uppnámi. Kryfja þurfi málið til mergjar.

FJÖLMIDLAR Óskar Magnússon, útgáfustjóri Morgunblaðsins, skoðaði tölvupóst blaðamanns sem hætti á blaðinu undir lok september. Blaðamannafélag Íslands hefur verið upplýst um málið. Það verður kært til Persónuverndar.

Málið virðist eiga upphaf að rekja til þess að Ragnhildur Svverisdóttir, umsjónarmaður sunnudagsútgáfu Morgunblaðsins, hætti í liðinni viku og sendi þá samstarfsmönnum kveðju í fjöldapósti. Sama dag birtist kveðjubréf Ragnhildar á dv.is.

Blaðamaðurinn sem um ræðir hefur ekki stigið fram undir nafni. Samkvæmt heimildum hafði Óskar Magnússon samband við blaðamanninn daginn eftir að Ragnhildur sendi bréf sitt. Mun blaðamanninum segjast svo frá að Óskar hafi sagst hafa lesið tölvupóst hans í því skyni að komast að því hver hefði sent kveðjubréf Ragnhildar úr húsi. Hafi þá Óskar jafnframt sagst hafa lesið fyrri bréf blaðamannsins og uppgötvað að hann hafi boðið DV afrit af könnun um lestur á ein-



ÓSKAR MAGNÚSSON

staka hlutum Morgunblaðsins. Mun blaðamaðurinn hafa jafnframt að hafa sent DV slíkt boð enda þótt hann hafi aldrei sent könnunina. Frásögn Óskars af atburðarásinni er önnur. Ekki náðist tal af honum í gær en í samtali við mbl.is kveðst Óskar ekki hafa ætlað að afhjúpa hver hefði áframsent kveðjubréf Ragnhildar. Tilgangurinn með skoðun á tölvupóstinum hafi verið að athuga trúnaðarbrót starfsmannsins sem hafi boðið DV áður nefnda könnun til birtingar. Póstur annarra starfsmanna væri ekki til skoðunar. Hann fagnaði því að Persónuvernd tæki málið til skoðunar.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, bendir á að samkvæmt reglum Persónuverndar sé óheimilt að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til

svo sem vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks. „Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun,“ segir í reglunum.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, segir stjórn félagsins ekki hafa rætt tölvupóstmálið formlega. „En því er ekki að neita að ef fulltrúar eigenda lesa tölvupóst starfsmanna þá hlýtur það að setja samband heimildarmanna og blaðamanna í mikið uppnám,“ segir Þóra Kristín og bætir við að heimildarmenn verði að geta treyst því að trúnaður ríki milli þeirra og blaðamanna. „Það verður því að kryfja þetta mál til mergjar og ég fagna því að viðkomandi blaðamaður ætli að kvarta til Persónuverndar og fá skorið úr um réttarstöðu sína.“

Blaðamenn Morgunblaðsins munu nú bíða áttekta eftir frekari skýringum yfirmanna sinna.

gar@frettabladid.is

REGLUR UM RAFRÆNA VÖKTUN

Heimilt er að skoða upplýsingar um netvafur, tengingar og gagnamagn starfsmanns eða nemanda liggja fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda eða skólafyrivalda. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skal óska atbeina lögreglu.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta á þó ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki

verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok, nema að uppfylltum sömu skilyrðum og greinir í 1.-3. mgr. eða annað leiði af lögum.

HEIMILD: PERSÓNUVERND.



Blóm eru gleðigjafi

66 rósir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt ilmandi rauða rós á sex daga fresti hjá Blómaverkstæði Binna, Blómalist eða Sjafnarblómum Selfossi fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.



Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000



EIRÍKUR BERGMANN

FRÁ EVROVISJÓN TIL EVRU

ALLT UM EVRÓPUSAMBANDIÐ

KEMUR
ÚT Í DAG!

„Liprasti texti sem Íslendingur hefur skrifað um ESB og fjandi skemmtilegur aflestrar. Á köflum einsog leiftrandi spennusaga.“

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON, UTANRÍKISRÁÐHERRA

LOKSINS BÓK UM ESB Á MANNAMÁLI!



Hvað er þetta ESB? Um hvað snýst samvinna þessara 27 aðildarríkja þar sem býr hálfur milljarður manna og talar 89 tungumál? Hvaða áhrif hefur Evrópusambandið á líf, störf og viðskipti Íslendinga nú þegar – og hvað breytist ef ákveðið verður að ganga í sambandið?

Allt sem þú vildir vita um Evrópusambandið en þorðir ekki að spyrja um; bók sem á erindi inn á hvert heimili í landinu!

„Liprasti texti sem Íslendingur hefur skrifað um ESB og fjandi skemmtilegur aflestrar. Á köflum einsog leiftrandi spennusaga.“

– Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra

„Lipurlega ritað yfirlit um ESB, aðgengilegt og yfirgripsmikið, eftir höfund sem er ástríðufullur áhugamaður um alþjóðasamvinnu.“

– Svanhildur Hólm Valsdóttir, lögfræðingur

VERÓLD

Bræðraborgarstíg 9



- 1 Hvað heitir eiginkona Gordons Brown, forsætisráðherra Breta?
- 2 Hver voru talin standa sig best í knattspyrnunni í sumar?
- 3 Hvaða fréttamaður er að byrja með matreiðsluþátt?

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á Síðu 26

Táragasi, piparúða og þrýstivatnsslöngum beitt á mótmælendur í Istanbul:

Tugir manna handteknir

TYRKLAND, AP Lögreglan í Istanbul beitti þrýstivatnsslöngum, táragasi og piparúða til að dreifa hundruðum manna sem komu saman til að mótmæla ársfundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Tugir grímuklæddra mótmælenda flúðu út í hliðargötur frá Taksimtorgi, sem er skammt frá fundarstaðnum. Á leiðinni brutu þeir rúður á MacDonalds-veitingastað og í nokkrum bönkum ásamt því að skemma bifreiðar.

Mótmælendurnir reyndu síðan hvað eftir annað að ráðast til atlögu gegn lögreglunni, vopnaðir eldsprengjum og slöngvibyssum. Meira en 70 mótmælendur voru



ÁTÖK Í ISTANBÚL Grímuklæddir mótmælendurnir voru vopnaðir eldsprengjum og teggybyssum. NORDICPHOTOS/AFP

handteknir, en lögreglan hafði girt fundarstaðinn af með rammgerðum hindrunum.

Talið er að flestir mótmælend-

anna hafi komið úr röðum lítilla vinstriflokka og verkalýðsfélaga. Einnig er talið að hópur erlendra mótmælenda hafi verið með í aðgerðunum.

Viðræður um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við Tyrkland hafa gengið hægt. Tyrknesk stjórnvöld hafa verið treg til að fallast á kröfur sjóðsins um niðurskurð ríkisútgjalda og aðhaldsáðgerðir.

Í síðustu viku kastaði fjölmiðlani skó í áttina að Dominique Strauss-Khan, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þegar hann svaraði spurningum í háskóla í Istanbul.

Írar eiga mestan sjó í ESB:

Horfa til aukinnar nýtingar

SJÁVARÚTVEGUR Írar ráða yfir 650 þúsund ferkílómetra svæði undir sjávarmáli, því mesta í Evrópusambandinu.

Að því er írski ríkisútvarpið greinir frá kom á ráðstefnu um rannsóknir á sjávarbotni Íra að þar á landi sé horft til stóra aukinnar nýtingar auðlinda hafins og sjávarbotnsins. Ávinningur fyrir írski hagkerfið gæti numið milljörðum evra. Ráðstefnan hófst í gær og lýkur í dag. Til samanburðar má nefna að lögsaga Íslands nemur 758 þúsund ferkílómetrum innan tvö hundruð mílna lögsögunnar og sjávarbotn nálægt milljón ferkílómetrum. - óká

Bílavarahlutir

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Fagmenn gagnrýna Guð blessi Ísland

Það getur skaðað blaðamennsku þegar farið er út fyrir hefðbundin mörk, líkt og virðist gert í heimildarmyndinni Guð blessi Ísland. „Maðurinn er ekki að gera það sem hann sagðist ætla að gera,“ segir talsmaður Björgólfsfeðga.

FJÖLMIÐLAR Guð blessi Ísland, heimildarmynd Helga Felixsonar um efnahagshrunið, gæti talist utan hefðbundinna viðmiða í blaðamennsku, miðað við það sem viðmælendur Fréttablaðsins hafa séð af henni.

Þá er það mjög óheppilegt fyrir blaðamennsku því það hræðir aðra hugsanlega viðmælendur frá fréttamönnum, segir Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri.

„Fyrir það fyrsta eru almennar siðareglur í blaðamennsku og það gildir líka um heimildarmyndagerð, sem kveða á um að þú látir fólk vita ef það er í viðtali,“ segir Birgir Guðmundsson, lektor í fjölmiðlafræði.

„Síðan geta verið undantekningar, til dæmis þegar notuð er falin myndavél. En þá þurfa að vera ákveðin skilyrði, eins og að ekki sé hægt að fá upplýsingarnar með hefðbundnum aðferðum. Einnig að þetta sé skipulagt fyrirfram og menn viti hvað þeir ætla að fá fram,“ segir Birgir. Hann tekur fram að hann tali almennt, því hann hefur ekki séð myndina.

Helgi Felixson hefur kynnt mynd sína á sjónvarpsstöðvum og sýnt þar myndbrot sem eru tekin upp án vitundar viðmælenda. Hann hefur viðurkennt að ganga á bak orða sinna, það er brotið samkomulag við viðmælendur. Helgi heldur því fram að viðmælendur hans í myndinni hafi einnig brotið samkomulag við aðra.

Jónas Kristjánsson segist andvígur aðferðum á borð við þær sem Helgi notar, þær gangi

ÚR SIÐAREGLUM BLAÐAMANNAFÉLAGS

- Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína [...]. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns [...]
- Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.
- Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.
- Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
- Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi.

gegn viðurkenndum hefðum blaðamennskunnar.

„Hann er bara að auðvelda sér vinnuna á líðandi stund. Svo fréttist þetta út og þegar næsti maður ætlar að gera svona heimildarmynd lendir sá í vandræðum því allir eru orðnir fullir af efasemdum og hræddir. Hann er því að spilla bæði fyrir sjálfum sér en sérstaklega fyrir öðrum kvikmyndagerðarmönnum og blaðamönnum með því að gera svona,“ segir Jónas.

Dóra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, vill ekki fjalla um aðferðir Helga fyrr en hún hefur séð myndina.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, kemur fram í myndinni óafvitandi. Hann vill ekki ræða vinnubrögð Helga, en segir þau koma á óvart.

„Miðað við brotið sem við höfum séð af okkar þætti í myndinni er maðurinn ekki að gera það sem hann sagðist ætla að gera,“ segir hann.

Hafliði Helgason, aðstoðarmaður Bjarna Ármannssonar, vildi ekki tala um hlut Bjarna í myndinni og ekki náðist í Jón Ásgeir Jóhannesson, en þeir Bjarni eru viðmælendur Helga í myndinni.

klemensfrettabladid.is



BIRGIR GUÐMUNDSSON

JÓNAS KRISTJÁNSSON

ÁSGEIR FRÍÐGEIRSSON

HELGI FELIXSON

Verkstjórnarnámskeið

Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

Markmiðið er að þjálfna millistjórnendur til að taka á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Hvatning og starfsánægja
- Nútíma stjórnunarhættir
- Mannauðsstjórnun
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **9. nóvember**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

40 andlitshreinsar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 3 andlitshreinsa í mánuði í apótekum **Lyfja & heilsu** fyrir Aukakrónur sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

Húsvörurnar frá Gamla apótekinu eru lausar við öll litar- og ilmefni

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

* M.V. ISO þjálfandi kr. innleiðing vörslu á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

IBH/IL (Landsbankinn), KL 47008-2080, ENNEMM / SIA / INM 39321

Innréttningar

- glæsileg og vönduð vara í öll herbergi hússins

Allt að **35%** afsláttur

eitt hagstæðasta verð á markaðnum



DRAUMIA ELDHÚS

DUCALE Glerhörð, kámfri áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

ELDHÚS



DUCALE Ljós eik - innfelld handföng



Ljós eik
innfelld handföng



Háglans - sprautulakkað
innfelld handföng

FATASKÁPAR

Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm

til
afgreiðslu
af lager



Hvít háglans



Ölur

ÞVOTTAHÚS

 innréttningar

LINE háglans hvítt 120x48 sm

BAÐ

 innréttningar

YFIR **50**

UPPSETTAR INNRÉTTINGAR TIL SÝNIS, EN
FJÖLMARGIR VALKOSTIR Á UPPSETNINGUM
EFTIR ÖSKUM HVERS OG EINS.

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Opíð virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



gæskuleitid

Stórfundur SÁÁ

Mætum á samstöðu- og baráttufund SÁÁ í Háskólabíói **miðvikudaginn 7. október** klukkan 20:00.

Sláum **skjaldborg** um áfengis- og vímuefnaeðferðina.

Húsið **opnar** klukkan 19:00.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, verður sérstakur gestur fundarins.

Tónlistaratriði í **hæsta** gæðaflokki.

Agent Fresco

Retro Stefson

Einar Ágúst

Jóhann Friðgeir og Jónas Þórir

Karlakórinn Fóstbræður

Fundarstjórar verða **Solla Eiríks** og **Tolli Morthens**

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

Að leggja sitt af mörkum

UMRÆÐAN

Steingrímur J. Sigfússon skrifar um orku-, umhverfis- og auðlindagjöld



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Stóriðjufyrirtækin hafa ásamt fleirum rekið upp ramakvein vegna áforma um að skoða upp-töku orku-, umhverfis- og auðlinda-gjalda á breiðum grunni sem boðuð eru í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010. Rétt er að setja hlutina í samhengi í þágu yfirvegaðrar umræðu um málið.

Árið 2008 var ríkissjóður rekinn með 216 milljarða halla og í ár stefnir hallinn, þrátt fyrir aukinn niðurskurð og tekjuöflun á miðju ári, í um 185 milljarða. Öllum má ljóst vera að við svo búið má ekki standa. Það verður að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum á eins fáum árum og mögulegt er og stórdraga úr hallanum strax enda gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir 95 milljarðar króna afkomubata frá yfirstandandi ári. Til þess að slíkt megi takast þarf mikið til: niðurskurð og sparnað útgjalda upp á 3,7% af vergri landsframleiðslu á gjaldahlíð og nýja tekjuöflun upp á 3,2% af VLF á tekjuhlið. Er þá komið að lykilsþurningunum:

1. Verður komist hjá aðgerðum af þessu tagi? Svarið er nei. Slíkur hallarekstur myndi, ef ekkert er að gert, slíga ríkissjóð og gera skuldastöðuna algjörlega óbærilega, - eða ósjálfbæra eins og nú er gjarnan sagt - á örfáum árum.

2. Er hægt að ná nauðsynlegum árangri með niðurskurði einum saman? Aftur er svarið nei. Slíkt myndi rústa velferðarkerfið og samneysluna og yrði auk þess efnahagslegt glapræði, sem myndi stórdýpka kreppuna.

3. Er hægt að ná þessum árangri eingöngu með nýrri tekjuöflun? Svarið er enn nei. Slíkt færi langt út fyrir þolmörk skattstofna og ofbyði greiðslugetu einstaklinga og atvinnulífs. Blandaðar aðgerðir, sparnaður og tekjuöflun, eru eina vitræna og færa leiðin, en um vægi hvors þáttar fyrir sig má vissulega rök-ræða sem og um hraða aðlögunnar.

Hverjir eiga þá að taka á sig auknar byrðar vegna tekjuöflunar samanber svörin hér að framan? Á það eingöngu að vera almenningur í gegnum beina og óbeina skatta eða á að leitast við að dreifa þessum byrðum sem víðast með það að markmiði að allir sem hafa til þess burði leggi sitt af mörkum. Ekki spillir fyrir ef hægt er að ná fram umbótum í skattkerfinu í

leiðinni og þróa það í átt til framtíðar svo sem á sviði umhverfismála (grænir skattar) og ná fram alkunnun markmiðum um að þjóðin njóti sanngjarnar rentu eða arðs af auðlindum sínum.

Er þá loks komið að stóriðjufyrirtækjunum, eða stórnotendum orku. Er það til of mikils mælst að þau verði með í því að greiða eins og allir aðrir notendur orku í landinu lágt auðlindagjald sem tekið yrði í gegnum orkusöluna? Þetta vekur fleiri áhugaverðar spurningar:

a) Geta stóriðjufyrirtækin ekki lagt slíkt af mörkum til þess að hjálpa íslensku samfélagi og þjóðarbússkap á miklum erfiðleikatímum?

b) Væru til dæmis 20 til 30 aurar á kílóvattstund óbærileg hækkun á raforkuverði fyrir þau? Ekki getur það þá verið hátt fyrir.

c) Vilja stóriðjufyrirtækin ekki leggja sitt af mörkum þó þau geti það?

d) Hafa ekki stóriðjufyrirtækin, þau sem farin eru að greiða skatta á annað borð, notið góðs af mikilli lækkun tekjuskatts lögaðila undanfarin ár? Gæti árlegur hagnaður þeirra eftir skatta verið 2 til 3 milljörðum króna hærrí nú vegna þess að þau greiða 15% tekjuskatt af hagnaði í stað til dæmis 30% eins og var fyrir nokkrum árum?

e) Getur verið að skattgreiðslur stóriðjufyrirtækjanna hér á landi hafi lækkað enn frekar við að skuldir við móðurfélög hafa komið í stað eigin fjár og vextir af þeim séu gjaldfærðir.

f) Getur verið að með gengislækkun krónunnar hafi launakostnaður stóriðjufyrirtækjanna lækkað um fleiri tugi milljóna dollara á ársgrundvelli miðað við það sem var áður en gengisfallið hófst á fyrri hluta árs 2008?

g) Hvaða boðskapur fælist í því að stóriðjufyrirtækin kæmu sér með öllu undan því að leggja nokkuð nýtt af mörkum til stuðnings samfélaginu á erfiðleikatímum, studd til þess af samtökum atvinnurekenda og jafnvel launamanna? - Að þau geti ekki borgað? - Að þau vilji ekki borga þó þau geti það? - Að tilvera þeirra hér sé grundvöllur á því að leggja eins lítið af mörkum til innlenda raunhagkerfisins og mögulegt er, nýta auðlindir þjóðarinnar í sína þágu án endurgjalds, og ætla öðrum, launafólki og innlendu atvinnulífi að axla enn þyngrri byrðar í staðinn? - Því verður ekki trúað. Þvert á móti gengur undirritaður út frá því að stór og öflug útflutningsfyrirtæki, eins og stóriðjufyrirtækin eru, vilji leggja sitt af mörkum. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að ræða málin við þau þegar til útfærslunnar kemur og er hér með boðið upp á slíkt.

Höfundur er fjármálaráðherra.

Eflum fiskvinnslu

UMRÆÐAN

Gunnar Örn Örlygsson skrifar um fiskvinnslu



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

Á tímum vaxandi atvinnuleysis, kvótakerðinga og mikillar skuldasöfnunar verðum við að tryggja að bolfisk afli okkar Íslendinga sé unninn hér heima á Íslandi. Ekki eingöngu geta breytingar í þessa veru fjölgð störfum heldur einnig aukið til muna útflutningsverðmæti þjóðarinnar og auðvitað tekjur ríkissjóðs. Fjöldi starfa sem fluttur er út í núverandi ástandi er eitthvað á annað þúsund. Við erum með fólk, vinnsluhúsin og tækin til að taka á móti þessum afla. Til eru öflug kvótalaus- og kvótalítill fiskvinnslufyrirtæki sem starfa í nánú samráði við Vinnuárástofnun vegna takmörkunar á aðgengi að hráefni til vinnslu. Þegar enginn fiskur eða hráefni til vinnslu fæst keyptur fer starfsfólkid á bætur eða félagid fær greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði. Á sama tíma flytjum við öll þessi störf út með því að gáma tugþúsundir tonna af óunnu bolfisk hráefni. Það sem meira er að erlendu fyrirtækin sem kaupa íslenska gámafiskinn annast vigtnun á aflanum sem svo sendist á skýrslum til Fiskistofu til frádráttar á kvóta. Margir vilja meina að vigtnunin sé á gráu svæði ytra. Við þetta keppir íslensk fiskvinnsla sem og aukin heldur eru erlendu félögin í styrkjatengdu sjávarútvegs umhverfi. Kvótalausum eða kvótaminni fiskvinnslum hér heima er gert afar erfitt fyrir með þessu fyrirkomulagi.

Sem dæmi vil ég nefna að til er sjávarútvegsfyrirtæki sem gerir út nokkra togbáta og á nokkur þúsund tonna kvóta. Allur afli félagsins

fer óunninn út í gámum. Um nokkur þúsund tonn er að ræða frá þessum eina aðila. Eg fullyrði að sama félag myndi lifa vel þó svo allur þessi afli þyrfti að fara til vigtnunar hér heima og á íslenskan fiskmarkað. Ekki er verið að banna erlendum aðilum að kaupa þennan afla þó svo til uppboðsskyldu kæmi hér heima. Einungis

er verið að tryggja jafnræði meðal íslenskra- og erlendra fiskvinnslu. Er of mikið um beðið? Þetta er jú einu sinni hráefni sem veitt er innan íslenskrar landhelgi! Tryggja verður að allur bolfiskafli sem fer ekki beint til vinnslu hér heima fari til uppboðs á fiskneti fiskmarkaðanna. Þetta handónýa fjölnet virkar ekki og er ekkert annað en fyrirséttur en ég lét vita af vitleysunni ítrekað til stjórnmalamála síðast þegar "krukkað" var í þessu kerfi innan veggja Alþingis.

Það er með ólíkindum að engin höft séu á útflutningi af þessu tagi þar sem almenningur á Íslandi greiðir á fjárlögum nokkra milljarða í stofnanir sem eru eingöngu til vegna okkar sameiginlegu auðlindar. Stofnanir eins og HAFRÓ, Fiskistofu, Landhelgisgæsluna, Siglingastofnun, MATÍS, Sjávarútvegsráðuneytið og fl. Það verður að vera skýlaus krafa okkar að þessu verði breytt. Kvótaminni byggðir fá með breytingum aukin tækifæri sem og tryggjum við vonandi meiri nýliðun en þekkt hefur undanfarin ár í íslenskan sjávarútveg. Það má í raun segja að núverandi stefna hafi markvisst gelt alla nýliðun í íslenskan sjávarútveg á umliðnum árum. Slík gelding er og verður öllum atvinnugreinum dýrkeypt. Undir þetta kvitta allir hagfræðimenntaðir menn.

Höfundur er fiskútflutjandi og fyrrverandi alþingismaður.

Kærarar þakkir



Í dag kl. 16 verða úrslit í kanilsnúðakeppninni kynnt og verðlaun afhent fyrir besta kanilsnúðinn. Auk þess kemur Edda Heiðrún Backman og tekur á móti söfnunarfénu.

Bakararnir sem tóku þátt komu frá Sandholti, Veislunni, Café Konditori Copenhagen, Mosfellsbakarí og Veitingastað IKEA með aðstoð frá Kökuhúsinu. Alls söfnuðu þeir 432.000,- og mun **Grensás því fá 864.000,-** afhentar þar sem IKEA tvöfaldar upphæðina sem safnaðist.

IKEA þakkar bökurunum og viðskiptavinum kærlega fyrir þátttökuna!



www.IKEA.is

ROLEX



MICHELSSEN
 ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
 Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Græna prentsmiðjan
 GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 7. október 2009 – 26. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

visir

Ný krabbategund
 Matarmikill grjótkrabbí finnst við Ísland



Verðbréfamarkaðir
 Uppsveifla í Bandaríkjunum og Japan



Skúli Mogensen í Oz
 Polinmæði mikilvæg í frumkvöðlastarfi



Bankinn tók Húsasmiðjuna

„Ástæðan fyrir þessu eru erlendu lánin sem voru tekin við kaup á Húsasmiðjunni árið 2005. Gengishrunið hefur haft neikvæð áhrif. Við erum í skilum en eiginfjárstaðan er neikvæð,“ segir Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar. Eignarhaldsfélagið Vestia tók félagið yfir á aðalfundi Húsasmiðjunnar í gær.

Vestia er dótturfélag Landsbankans sem heldur utan um eignir sem bankinn hefur tekið yfir.

Steinn Logi áréttar að þetta hafi verið ákveðið í kjölfar skila á ársreikningi.

Eigendur Húsasmiðjunnar voru SPV, dótturfélag Byrs, sem eignaðist hlutinn við yfirtöku á Primusi, félagi Hannesar Smárasonar í fyrra, Hagar, móðurfélag Hagkaupa og fleiri verslana, og Saxsteinn, dótturfélag Saxbygg sem er í skiptameðferð.

Örlánavefur opnaður

Uppspretta heitir nýtt lánaufyrirgreiðslufyrirtæki sem hafið hefur starfsemi. Á samnefndum vef, uppspretta.is, er höfð milli-ganga um að veita fólk og fyrirtækjum svonefnd örlán.

Á vefnum eru leiddir saman lántakendur og -veitendur, en lánin eru á bilinu 50.000 til 3.000.000 króna. Lánstími getur verið að lágmarki einn mánuður og að hámarki 36 mánuðir.

Í tilkynningu segir að mikil áhersla sé lögð á gagnsæi upplýsinga og með hverri umsókn fylgi lánshæfi lántakanda, jafnframt er hægt að spyrja lántakanda spurninga áður en tekin er ákvörðun um hvort veita eigi lán.

HELST Í ÚTLÖNDUM

Hátt gullverð | Heimsmarkaðsverð á gulli sló nýtt met í gær þegar únsan fór í 1.038 dollara á fjármálamarkaði í New York í Bandaríkjunum. Fyrra verðmet var slegið í mars í fyrra þegar það fór í 1033,9 dali. Það var í kjölfar fjárhagsvandráða Bear Stearns.



Frekari svartsýni | Hagfræðiprófessorinn dr. Nouriel Roubini, sem þekktur er sem herra dómsdagur, varar við snarpri hækkun á gengi hlutabréfa. Af þeim sökum telur hann að þessir markaðir muni taka dýfu niður á við á yfirstandandi ársfjórðungi eða fyrsta ársfjórðungi á næsta ári.

Brugðist við bata | Seðlabanki Ástralíu hefur hækkað stýrivexti um 25 punkta og verða þeir eftirleidis 3,0 prósent. Ástralir eru fyrsta ríkið af tuttugu umsvifamestu iðnríkjum heims til að bregðast við efnahagsbatanum með hækkun stýrivaxta.

Loka í Japan | French Connection, ein þekktasta tiskuvörudejja Bretlands, hefur ákveðið að loka öllum verslunum í Japan. Þær eru 21 talsins. Með þessu ætla stjórn verslanakeðjunnar að hagræða í rekstri og draga úr tapi. Þrotabú Baugs á tæpan átján prósent hlut í French Connection.

Á barmi gjaldþrots | Royal Bank of Scotland (RBS) rambaði á barmi gjaldþrots og mátti litlu muna að hann færi á hliðina þegar bresk stjórnvöld komu honum til hjálpar í október í fyrra, að því er breska blaðið Financial Times hefur eftir ónafngreindum heimildarmanni.

Erlendir sjóðir vilja skuldir Straums

Kröfuhafar bankanna fá mismikið greitt til baka af lánnum sínum. Áhættufjárfestar sjá gróðavon í braski með þrotabú.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
 skrifar

Erlendir vogunarsjóðir hafa gert nokkrum stórum kröfuhöfum fjárfestingarbankans Straums óformlegt tilboð um kaup á hluta af skuldum Straums með allt að tuttugu prósentu afslætti frá upphaflegu kaupverði. Af verðhugmyndum þeirra má ætla að þeir reikni með að nauðasamningar verði samþykktir því áætlanir gera ráð fyrir að almennir kröfuhafar Straums fái allt frá 33 upp í 77 prósentur greiddar af almennum kröfum sínum eða 54 prósent að meðaltali.

Náist nauðasamningar ekki verður Straumur lýstur gjaldþrota og ljóst að heimtur versni til muna en áætlað er, að endurheimtur við gjaldþrot verði um 11 prósent eða minna.

Á meðal helstu kröfuhafa Straums eru þýski risabankinn Commerzbank og austurríski bankinn Raiffeisen Zentralbank. Kröfuhafar munu hafa verið mótfallnir tilboðinu og virðast þeir frekar styðja nauðasamningaleiðina enda heimtur áætlaðar mun betri ef sú leið er farin. Náist samningar er stefnt að því að skipta Straumi upp í tvö fyrirtæki, jafnvel í kringum áramótin: Annars vegar verður til eignastýringafyrirtækið Straumur, sem tekur við eignum núverandi banka og greiðir niður langtímaskuldir. Hins vegar verður stofnaður fjárfestingabanki sem verður í eigu sömu kröfuhafa og Straumur hefur. Hann mun líklega ekki bera heiti Straums. Gangi allt eftir mun nýi bankinn einbeita sér að fyrirtækjaráðgjöf og miðlun með skuldabréf, hlutabréf og gjaldeyri en bankinn mun verða fjárfestingabanki með takmarkaðan efnahagsreikning og ekki stunda innlána- eða útlánaviðskipti. Miðað við skiptingu krafna verður nýi bankinn um sjö tíu prósent í eigu erlendra aðila og þrjátíu prósent í eigu innlendra aðila.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku hefur verið líflægur markaður með skuldabréf

SAMANBURÐUR Á ÁÆTLUÐUM ENDURHEIMTUM ALMENNRA KRAFNA

Banki	Hlutfall	Verð skuldabréfa á markaði
Gamli Landsbankinn	0-5%	5-7%
Gamla Kaupþing	20-46%	19,5-20,5%
Glitnir	22-33%	21-22%
Straumur	33-77%*	-

* Engin skráð skuldabréf á markaði

gömlu bankanna í erlendri mynt. Þar hefur sömu-leiðis kveðið mest að bandarískum sjóðum, sem hafa keypt skuldabréf bankanna af evrópskum kröfuhöfum gömlu bankanna. Fjárfestar keyptu bréfin með 95 til 98 prósentu afslætti skömmu eftir ríkisvæðingu bankanna í fyrra. Verð bréfaanna hefur margfaldast síðan þá, er nú fjórfalt til ellefufalt hærra. Þetta fer þó bæði eftir þeirri mynt sem bréfin eru í og skuldabréfaflokkum.

Eftir því sem næst verður komist er endurheimtuhlutfall almennra krafna hæst hjá Straumi en lægst hjá Landsbankanum. Nærtækasta skýringin felst í viðskiptamódeli bankanna fjögurra. Straumur var ekki með almenna innlánsreikninga líkt og hinir bankarnir þrír. Miðað við áætlaðar endurheimtur sem Markaðurinn hefur undir höndum er gert ráð fyrir sambærilegum endurheimtum hjá Glitni og gamla Kaupþingi, sem bendir til að viðskiptamódelin hafi verið áþekkt. Þeir sem Markaðurinn ræddi við í gær telja viðskiptamódel Landsbankans hins vegar áhættusamast og skýri það verri endurheimtur eins og staðan sé í dag.

Skilanefndir Kaupþings og gamla Landsbankans vildu ekki tjá sig um endurheimtuhlutfall bankanna þegar þær voru inntar eftir því í gær. Landsbankinn kynnti kröfuhöfum nýja áætlun um endurheimt krafna fyrir stuttu og birtir hana opinberlega á næstu dögum. Það mun þó ekki vera langt frá fyrra mati.



MEÐ BORGUN
 TEKUR ÞÚ VIÐ
 ÖLLUM KORTUM

Allt á einum stað – betri kjör

Þú nýtur betri kjara og yfirsýnar með því að hafa allt á einum stað í færsluhirðingu. Hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða á tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð um heildarlaun í færsluhirðingu.

BORGUN
 AUDVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
 Sími 560 1600 • www.borgun.is



GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atlantic Petr.	-0,6%	-39,3%
Bakkavör	-17,1%	-41,8%
Föroya Bank	-3,1%	14,5%
Icelandair	11,4%	-81,6%
Marel	4,8%	-15,3%
Össur	-0,4%	22,9%

Úrvalsvísitalan OMX16 812

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær.

Starfsmannaskortur tefur rannsókn

„Það er ógerningur að segja til um hvenær niðurstöðu er að vænta frá okkur,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari um efnahagshrunið, spurður um næstu skref í kjölfar húsleitar starfsmanna embættisins hjá endurskoðunar fyrirtækjum PriceWaterhouseCoopers og KPMG á fimmtudag í síðustu viku.

Sama máli gegnir um önnur mál á borði embættisins. Þar á meðal eru gögn eftir húsleit á skrifstofum Milestone og Sjóvár og á heimilum forsvarsmanna fyrirtækjanna í byrjun júlí. Ólafur segir að búið sé að fara í gegnum hluta gagnanna.

Hann bendir á að starfsmenn embættisins hafi stundum þurft að leggja önnur mál tímabundið til hliðar þegar beina hafi þurft kröftunum að öðrum og brýnni. Við húsleitina á föstudag hafi nær allir starfsmenn lagst á eitt enda hald lagt á meira magn gagna en í fyrri húsleitum.



SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI Þeir sem rannsaka efnahagshrunið þurfa stundum að leggja mál frá sér þegar önnur brýnni koma upp.

MARKAÐURINN/STEFÁN

Fimmtán vinna nú hjá embætti sérstaks saksóknara og er verið að fjölga starfsmönnum, að sögn Ólafs Þórs.

Olíuverð hækkar

Verð á olíutunnu hækkadi um rúm 40 sent í gær og fór yfir 71 Bandaríkjadal í Asíu. Má rekja hækkunina til þess að aukning á heimsbirgðum olíu hafi ýtt undir traust fjárfesta.

Verð á olíu hefur lónað í kringum 70 dali á tunnu undanfarna mánuði, meðan fjárfestar reyna að greina hversu vel bandarískt efnahagslíf réttir úr kútnum. Hækkunina má einnig rekja til veikingar bandaríkjadals.



Fjárfesta leitað í tíunda sinn

Forsvarsmenn fimm íslenskra sprotafyrirtækja og tvö norsk kynna starfsemi sína fyrir áhættufjárfestum á sprotabingi Seed Forum í salarkynnum Kaupþings á föstudagsmorgun.

Seed Forum blæs til fjárfestinga að vori og hausti og er þetta það tíunda í röðinni.

Meðal fyrirtækja sem kynntu starfsemi sína á fyrsta þinginu í apríl 2005 voru CCP og ORF Líftækni. Talsverður fjöldi af sprotafyrirtækjum hefur bæst við síðan þá, svo sem Caoz, Gogogic, Marorka, Trackwell, Carbon Recycling International, Gogoyoko og síðast E-Label.

„Þetta er sögulegt,“ segir dr. Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Seed Forum. Hann bætir við að fáir hafi trúað því að fjárfestingi myndi tóra þetta lengi. „Það var lítil áhugi á sprotafyrirtækjum þegar við byrjuðum. Nú héldu menn að þingi myndi leggjast af þar sem allir fjárfestarnir hefðu dáðið út í fjármálakrisunni. Enn er þó mikill áhugi á þessu,“ segir Eyþór og bætir við að vettvangur á borð við Seed Forum sé mikilvægur forsvarsmönnum sprotafyrirtækja til að byggja upp sambönd og læra að



EYÞÓR ÍVAR Fáir höfðu trú á að Seed Forum myndi tóra lengi þegar það byrjaði fyrir fjórum árum.

gera fyrirtækin fjárfestingahæf. Vandamálið snúi orðið nær eingöngu að stöðu Íslands, sem hafi valdið því að erlendir fjárfestar eru tortrygnari en áður um fjárfestingu hér. Um fyrirtækin gegni öðru máli: „Hér er fullt af fyrirtækjum að gera góða hluti.“

Stefnt er að því að Steingrímur J. Sigfússon flytji opunarávarp og Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings, flytji erindi. Þá munu tveir erlendir reynsluboltar flytja tölu um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.

- jab

FYRIRTÆKIN Í ÁR

Fyrirtækjaheiti	Tegund fyrirtækis
Íslensk:	
ReMake Electric ehf.	Próa sparneytin rafmagnsöryggi
MindGames	Tölvuleikir sem stjórnað er með huganum
Kerecis	Lækningavörur úr fiskipróteinum
TellmeTwin	Samskipta- og meðmælavefur
Spennandi	Fatnaður fyrir stangveiðifólk
Norsk:	
Electra Automotive	Framleiðir rafbíla
Carbatt Systems	Próar rafkerfi og rafhlöður fyrir rafbíla

Ný krabbategund

Grjótkrabbí er krabbategund sem fannst í fyrsta skipti við Ísland fyrir þremur árum. Rannsóknir vísindamanna benda til þess að hann sé hér í nýtanlegu magni.

Sigríður B. Tómasdóttir
skrifar

Grjótkrabbí finnst í töluverðum mæli á nokkrum stöðum við Suðvesturland, einkum þó í Hvalfirði. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem unnin er við Háskóla Íslands. Grjótkrabbí er krabbategund sem veidd er til manneldis undan ströndum Kanada. Krabbinn er töluvert stærri en til dæmis trjónukrabbí sem hefur verið veiddur hér við land en skelin á grjótkrabba er um 14 sentimetrar í þvermál.

Að sögn Halldórs Pálmarssonar, líffræðings hjá Náttúrufræðistofu Reykjaness, bendir allt til þess að krabbinn sé í nýtanlegu magni hér við land en einkum hefur fundist mikið magn af honum í Hvalfirði. „Fjöldi krabba sem kemur í gildru hjá okkur er alveg sambærilegur við það sem þekktist í Kanada.“

Krabbategund þessi fannst fyrst svo vitað sé árið 2006 við Ísland en þá færði kafari Jörundi Svavarsyni, prófessor við Háskóla Íslands, eintak af krabbanum. Það var svo í framhaldi af því að tveir nemendur, þeir Óskar Sindri Gíslason og Marinó Fannar Pálsson, hófu rannsóknir á grjótkrabba við Ísland undir handleiðslu Jörundar og Halldórs.

Nú þremur árum síðar er komið í ljós að magnið er töluvert. „Við höfum fundið hann í Kollafirði, Skerjafirði, nokkur eintök hafa fengist í Breiðafirði og svo í Hvalfirði,“ segir Halldór.

Líklegasta skýringin á þessum nýbúa í náttúrulífi landsins er sú að lirfa hans hafi komið hingað í kjölfestuvatni stórra skipa. Kjölfestuvatn er sjór sem er dælt í kjöl skipa til að gera þau stöðugri á siglingu en lífverur berast auðveldlega með slíku vatni. Stærð krabbsans sem fannst árið 2006 bendir til þess að hann hafi verið hér við land í um tíu ár áður en rannsóknin á honum hófst.

Krabbinn er eins og áður sagði veiddur undan ströndum Norður-Ameríku. Þar veittu sjómenn honum fyrst athygli þegar hann kom í humargildur, fyrst var honum hent en svo þegar menn fóru að skoða hann nánar og smakka þá komust menn að því að hann er herramannsmatur. Grjótkrabbí er kjöt-



VEITT Í ÞÁGU VÍSINDA Óskar Sindri Gíslason til vinstri og Marinó Fannar Pálsson við gildruveiðar í Hvalfirði.



meiri en trjónukrabbí og segir Halldór, að fenginni reynslu, hann vera mjög bragðgóðan. Ekki eru áform um að hefja veiðar á grjótkrabba en Halldór segir marga hafa fylgst með rannsóknunum og sýnt þeim áhuga. „Fjöldi trillukarla fylgist með rannsóknunum okkar og hafa verið að velta möguleikanum á nýtingu fyrir sér.“

Halldór bendir á að byrja þyrfti á hóflegum veiðum ef út í það færi, stofnstærðin hafi ekki verið áætluð en verið sé að skoða hana. Hver áhrif krabbsans á lífríkið við Íslandsstrendur verða er algjörlega óljóst og segir Halldór: „Það mun tíminn leiða í ljós.“



KORTALÁN VALITOR

–Einföld og örugg greiðsludreifing

- Hagstæðar afborganir
- Söluaðilar geta valið um lán með breytilegum vöxtum eða vaxtalaus
- Söluaðilar greiða ekkert þjónustagjald af Kortalánnum
- VALITOR greiðir út til söluaðila annan virkan dag eftir að sala fer fram

Hafðu samband í síma

525 2080

og kynntu þér málið

VALITOR
KORTALÁNVISA
MasterCard



Við flytjum gögn fyrir Icelandair Cargo

Eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem treysta Skyggni fyrir rekstri tölvukerfa sinna

Icelandair Cargo er öflugt fyrirtæki sem leggur áherslu á öryggi og áreiðanleika. Þess vegna varð Skyggnið fyrir valinu til að sjá um tölvukerfi fyrirtækisins. Skyggnið býður Icelandair Cargo upp á sérlausnir í rekstrarþjónustu sem sniðnar eru að þörfum fyrirtækisins.

Skyggnið sérhæfir sig í hönnun og rekstri tölvu- og samskiptalausna sem lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Við höfum á annað hundrað sérfræðinga á okkar snærum og þjónustumiðstöð sem opin er allan sólarhringinn.

Alrekstur

- Engir bakreikningar
- Meira öryggi
- Aukin hagkvæmni

Hagræðing

- Greining og ráðgjöf
- Úrbætur
- Minni kostnaður



Vilja leiða í nanótækni

Rússar hafa sett sér það markmið að verða leiðandi þjóð á sviði nanótækni. Þetta sagði Dmitry Medvedev, forseti Rússlands, á alþjóðlegri ráðstefnu um nanótækni. Medvedev sagði ógrynni tækifæra felast í nanótækniöndunum. Hann áréttaði að Rússar þyrftu að auka fjölbreytni í efnahag sínum.

Nanótækni gerir vísindamönnum kleift að kanna og notfæra sér allra smæstu eindir efna og hefur verið rætt um að slík tækni kynni að nýtast í tölvubúnaði og jafnvel læknávisindum framtíðarinnar. -sh

Apple segir sig úr Verslunarráði BNA

Apple hefur nú bæst í hóp þeirra fyrirtækja sem sagt hafa skilið við Verslunarráð Bandaríkjanna vegna andstöðu ráðsins við áætlanir stjórnvalda um að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar.

„Við hefðum viljað að Verslunarráðið tæki framsæknari afstöðu í málinu,“ segir í bréfi sem Catherine A. Novelli, aðstoðarforstjóri hjá Apple, skrifaði forstjóra Verslunarráðsins á mánudag. „Þar sem afstaða ráðsins er í algjörrri andstöðu við afstöðu Apple höfum við ákveðið að segja okkur úr ráðinu og tekur úrsögnin tafarlaust gildi.“



FORSTJÓRINN Tæknirísinn Apple segir bandaríska verslunarráðið ekki nógu framsækið.

Í lok september sögðu þrjú af stærri orkufyrirtækjum Bandaríkjanna sig úr ráðinu; PG&E,

sem framleiðir rafmagn úr vatnsorkuverum í Norður-Kaliforníu, Exelon, sem er stærsti framleiðandi Bandaríkjanna í framleiðslu rafmagns í kjarnorkuverum og PNM Resources, sem er ráðandi á orkumarkaði í New Mexico.

Fleiri þekkt fjölþjóðafyrirtæki en Apple hafa lýst andstöðu við stefnu Verslunarráðsins, að því er fram kemur á vef Forbes. Nike sendi úrsögn um mánaðamótin og Johnson & Johnson og General Electric hafa lýst óánægju án þess að grípa til úrsagnar. -pg

Fleiri játa svik

Fyrirverandi starfsmaður Boeing-flugvélarisans hefur játað aðild að skattsvikamyllu sem tengist UBS-banknum í Sviss. Hann hafði falið um 1,9 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra tvö hundruð milljóna króna, á svissneskum bankareikningum.

Maðurinn samdi við saksóknara um játningu og bætist hann í hóp fjögurra annarra sem játað hafa sök í málinu. Von er á játningu þess sjötta, að því er erlendir fjölmiðlar fullyrða.

UBS-bankinn hefur viðurkennt að starfsmenn hans hafi aðstoðað fólk við að fela reikningana fyrir skattfyrviöldum. -sh

Kröfur um breytingar

Á ársfundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Tyrklandi hafa Bandaríkin, Bretland og fleiri áhrifamikil aðildarríki lagt áherslu á að breyta þurfi fyrirkomulagi Alþjóðabankans.

Tryggja þurfi að stuðningur Alþjóðabankans við þróunarríki komi að þeim notum sem til er ætlast. Einnig verði að gefa þróunarríkjum aukni vægi við ákvarðanatöku.

„Til þess að ná þessum markmiðum förum við fram á að gerðar verði mikilvægar umbætur

þegar hugað verður að því að útvega meira fjármagn,“ sagði Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

Sameiginlegur ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stendur nú yfir í Istanbul í Tyrklandi.

Umræðan þar hefur einkum snúist um tvennt: annars vegar um nauðsynlegar umbætur á þessum tveimur stofnunum og hins vegar hvernig best megi tryggja að ríki heims nái sér upp úr kreppunni.



ÁRSFUNDUR Í TYRKLANDI Gestgjafinn, Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, stendur á milli þeirra Roberts Zoellicks, forseta Alþjóðabankans, og Dominique Strauss-Khans, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ALLAR GERÐIR LÍMMIÐA!

FÁÐU TILBOÐ Í ÞITT VERK

Afburða þjónusta og gæði. Stuttur afgreiðslutími.

Hafið samband við Leif Eiríksson, framleiðslustjóra límmiðaprentunar,

í síma 860 6706 eða leifur@asprent.is

ASPRENT
Sími: 4 600 700
Glerárgötu 28
600 Akureyri
www.asprent.is



TALNASÚPUR Á VEGG Verðbréfamarkaðurinn í Japan tók svoltið stökk upp á við í gær, rétt eins og í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Vottur af bjartsýni gerir vart við sig

Uppsveifla á verðbréfamarkaði í Bandaríkjunum og Japan, batnandi hagur fyrirtækja í Bretlandi.

Guðsteinn Bjarnason
skrifar

Verðbréfamarkaður í Bandaríkjunum tók góða sveiflu upp á við í gær, í beinu framhaldi af fréttum um að vöxtur hafi orðið í þjónustugeiranum þar vestra í fyrsta sinn í heilt ár. Nokkur bjartsýni virðist hafa vaknað í bandarísku fjármálalífi um að heimurinn fari að ná sér eftir kreppuna djúpu.

Uppsveiflan á verðbréfamarkaðnum er mest í fjármála- og orkufyrirtækjum, og kemur í kjölfar þess að olíuverð hækkaði og Goldman Sachs hækkaði mat sitt á stórum bönkum.

Svo virðist sem nokkur bjartsýni hafi vaknað í bandarísku fjármálalífi um að heimurinn sé að byrja að ná sér eftir kreppuna djúpu.

Óvíst er hve endingargóð þessi uppsveifla verður, en skýrari mynd ætti að fást af horfunum í dag þegar ársfjórðungsskýrslur um hagnað stórfyrirtækja byrja að berast. Álfyrirtækið Alcoa ríður þar á vaðið, og verður grannt fylgst með því hvort tekjur þess eru farnar að vaxa á ný.

Fyrirtækjum vestra virðist almennt hafa tekist að draga nógu mikið úr kostnaði, meðal annars með fækkun starfa, til þess að hagnaður varð meiri en við var búist.

Uppsveiflan í Bandaríkjunum í gær virðist síðan einnig hafa skilað því að japanski verðbréfamarkaðurinn tók við sér í gær eftir þriggja daga niðursveiflu. Sterk staða jensins kemur fyrirtækjum þar hins vegar í koll með því að éta upp hagnaðinn að verulegu leyti.

Góðar fréttir berast sömuleiðis frá Bretlandi. Hagur fyrirtækja þar batnaði í septembermánuði, samkvæmt könnun sem birt var á mánudag, sem markar vatnaskil því undanfarin tvö ár hefur hagur fyrirtækjanna þar versnað jafnt og þétt.

Könnunin var gerð dagana 18. ágúst til 2. september af samtökum breskra atvinnurekenda (CBI) og PricewaterhouseCoopers. Fram kom að 32 prósent fyrirtækjanna sögðu stöðu fyrirtækisins hafa lagast síðustu þrjú mánuði, en 24 prósent sögðu hag síns fyrirtækis hafa versnað.

Batnandi staða fyrirtækjanna, jafnt í Bandaríkjunum sem Bretlandi, hefur hins vegar kostað strangt aðhald í rekstri sem bitnað hefur ekki síst á starfsfólki.

„Allt bendir til þess að fyrstu merki efnahagsbatans verði óstöðug og áfram verði að draga úr kostnaði til þess að hagnaður náist,“ hefur AP-fréttastofan eftir Andrew Gray hjá PricewaterhouseCoopers.

EFNALAUGIN BJÖRG

Hreinsun á
4 flíkum á verði 3
í október

Áratuga reynsla og þekking
- í þína þágu

Opið: mánudaga - fimmtudaga 8⁰⁰ - 18⁰⁰
föstudaga 8⁰⁰ - 19⁰⁰ • laugardaga 10⁰⁰ - 13⁰⁰



...alltaf í leiðinni

SÉREIGNARSPARNAÐUR MP BANKA

Þrjár ávöxtunarleiðir eru í boði:

- Séreignarsparnaður 1 - eingöngu ríkistryggðar eignir.
- Séreignarsparnaður 2 - fjárfestir jafnt í ríkistryggðum eignum og innlánum.
- Séreignarsparnaður 3 - eingöngu innlán.

Það er einfalt að flytja séreignarsparnað til MP Banka:

- Komdu til okkar í Borgartún 26 til að ganga frá beiðni um flutning á sparnaði þínum til MP Banka.
- Einfalt er að prenta samningseyðublað af www.mp.is, fylla það út og koma því til okkar.

Kynntu þér Séreignarsparnað MP Banka á www.mp.is eða hringdu í síma 540 3200.



BANKI

Skipholti 50d Borgartúni 26
thjonusta@mp.is www.mp.is

10
1999
2009
ÁRA

Hvað varð um galdrakarlana í Oz?

Fyrir um áratug var hugbúnaðarfyrirtækið Oz vonarstjarna íslenskrar upplýsingatækni. Hún hrapaði hratt eftir aldamótin og flutti fyrirtækið með manni og mús til Kanada. Eftir stóðu hundruð Íslendinga með verðlaus hlutabréf í fyrirtækinu. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson rifjaði upp sögu Oz og ræddi við þá Guðjón Má Guðjónson og Skúla Mogensen um fyrirtækið.

Fyrir tæpum tuttugu árum var íslensk upplýsingatækni enn í bleiu. Þeir sem vildu skera sig úr burðuðust stóltir um með nokkurra kílóa fokdýran farsímahlunk og þeir framsýnustu lumuðu á upphringimótöldum sem gerðu þeim kleift að tengjast háskólanetum á nokkrum mínútum. Þar var þó lítið að gera nema fyrir innvígða.

Afþreyingaiðnaðurinn hafði hins vegar tekið tölvutækniinni opnum örmum. Bestu tæknibrellurnar fengu áhorfendur til að gapa í forundran, svo sem yfir kvikmyndum á borð við framtíðartryllinum Tortímandanum 2 frá 1991 með Arnold Schwarzenegger í hlutverki vélmennisins T-800. Slíkar voru nýjungarnar að brellurnar lönduðu Óskarsverðlaunum. Þetta gaf þeim sem fylgdu nýjum straumum byr undir báða vængi.

Hugbúnaðarfyrirtækið Oz var eitt þeirra sem hoppaði á vagninn.

UNGIR FRUMKVÖDLAR

Oz var formlega stofnað í desember árið 1989 og er stefnt að tuttugu ára afmælisfögnuði í ár. Í fyrstu var unnið við grafíska tölvuvinnslu fyrir auglýsingastofur og ýmis fyrirtæki. Nóg var að gera og ekkert lát á eftirspurn. Fljótlega ákváðu stofnendur fyrirtækisins því að taka skrefið lengra, fjárfesta í rándýrum búnaði til að afkastað meiru og geta tekið að sér flóknari verkefni. Kostnaður lá í kringum þrjátíu milljónum króna, sem þótti mikið. Á móti var tækjabúnaði einn af þeim öflugustu á Norðurlöndunum.

Aldur stofnenda Oz vakti mikla athygli. Þeir voru þrír, Guðjón Már sautján ára, Skúli Mogensen, kom að fyrirtækinu tveimur árum síðar var fjórum árum eldri. Sá þriðji var Aron Hjartarson, sem var á svipuðu reki. Guðjón segir aldurinn ekki hafa komið að sök. Þvert á móti telur hann – nú tuttugu árum síðar – það hafa verið kost. Sakleysið hafi valdið því að þeir félagarnir köstuðu sér óhræddir í djúpu lauginu. „Þegar maður er enn frekar enn ungur og óreyndur þá veit maður síður af öllum ljónunum á veginum,“ segir hann.

Oz skapaði sér fljótt nafn. Helstu verkefni voru fyrir auglýsingastofur og vakti tölvuteiknað bréf sem sveif inn um bréfalúgu athygli almennings á strákunum. Fljótlega tók að bera á viðurnefnum. Það nærtækasta var „Galdramennina í Oz“.

Hróðurinn barst fljótlega út fyrir landsteina og tók Oz að sér verkefni fyrir ýmsa rísa, svo sem Microsoft. Í kjölfarið var fetað inn á nýjar brautir. Brautryðjendurnir ungu ákváðu að leggja útselda vinnu á hilluna og leggja áhersluna á eigin tækniþróun í þrívíðri myndvinnslu fyrir netið. Netið var þá að stíga sín fyrstu skref í almennri notkun. Þeir framsýnustu sáu þar mikla möguleika.

Í kjölfarið tók við þrotlaus þróunarvinna. Árangurinn var sýndur á tölvusýningu í Asíu árið 1995 og stóðst væntingar. En fjármagn skorti. „Ég hafði heyrt af því að Japanir hugsuðu lengst fram í tímann. Þeir voru einir á þessum tíma sem fjármögnuðu rannsóknir og þróun á flötum



OZ VIÐ SNORRABRAUT Ljósleiðari tengdi saman hús höfuðstöðvanna hér á landi. Það þótti framúrstefnulegt og fékk heilmikla umfjöllun í fjölmiðlum.

skjáum,“ segir Guðjón. „Með smá hjálp frá Útflutningsráði flaug ég til Tókýó í Japan. Ég var reyndar á þriðja kreditkortinu mínu þar, átti í erfiðleikum með að fjármagna flugmiðann. Sú ferð heppnaðist mjög vel. Við vorum mjög ungir þegar við náðum þessum samningum, um 22 ára.“ segir hann.

ÚTRÁS

Þegar áhyggjur af tekjuöflun voru að baki var gefið í og fljótlega varð Ísland of lítið. Fyrirtækið opnaði fyrstu skrifstofuna í hjarta tæknigeirans í San Francisco í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum í júlímánuðinum 1995 og flutti starfsemi út að stórum hluta. Þar var fyrirtækið skrásett undir heitinu Oz Interactive.

Þeir Skúli og Guðjón fluttu út um svipað leyti en Guðjón komst þar í kynni við ýmist lykilmál í tækni- og fjármála-

geiranum. Þar á meðal myndaðist venskapur með honum og Andy Grove forstjóra Intel. Saman fóru þeir Guðjón og Grove víða og ræddu við ýmsa málsmetandi menn um framtíðarsýn sína og þróun Netsins, svo sem Bill Gates, Rupert Murdoch og Warren Buffett.

Um þetta leyti var stefnt að skráningu Oz á hlutabréfmarkað. Slíkt hafði gefið góða raun hjá öðrum. Netfyrirtækið Netscape, sem stofnað var árið 1994, var skráð á Nasdaq-markaðinn í ágúst 1995 með afar góðum árangri og gerði flesta þá sem komið höfðu að því að milljarðamæringum. Eftir talsverðu var því að slægjast.

Starfsemi Oz þandist út og fyrr en varði voru starfsmenn orðnir 250 talsins.

ÞRÍVÍÐIR HEIMAR

Frá 1991 til 1996 hafði netnotkun tekið risastökk. Netscape hafði gert almenningi kleift að rápa um netið í auknum mæli auk þess sem netverslun var að stíga sín fyrstu skref. Tölvupóstur og spjallrásir á borð við IRC voru ekki aðeins á færi tæknisinnáðasta háskólafólks. En Oz-arar horfðu lengra. Fyrir þeim lá framtíð Netsins í fjölbættum, gagnvirkum og þrívíðum samskiptavettvangi þar sem fólk gæti hist í sýndarveruleika og átt í samskiptum hvert við annað. Svolítið fútúrískt, að mörgum fannst.

Teymi var sett á laggrinnar innan fyrirtækisins sem átti að gera þetta að veruleika. Vara varð til sem hét Oz Virtual og framtíðarsýn mótaðist um framtíðarverkefnið Cosmos sem gekk út á þrívítt hagkerfi og var það unnið samhliða öðrum þróunarverkefnum, svo sem rauntíma samskiptahugbúnaði sem nefndist iPulse. Horft var til þess að búnaðurinn gæti gert netverjum kleift að hafa samband sín á milli með SMS-um í farsíma en með sambærilegum hætti og MSN frá Microsoft. Sviðið var þónokkuð víðtækara, en það átti að auðvelda hópastarf í fjarvinnu. Guðjón telur ekki útilokað að Microsoft hafi þar fengið innblástur við hönnun á fyrstu útgáfu MSN-hugbúnaðarins.

Þrívíddarafurðin var kynnt á tæknisýningum í Bandaríkjunum 1996. Framtíð þrívíða heimsins, eins og hún var í hugum Oz, samanstóð af skemmtistöðum og tónleikum í þrívíðum sýndarveruleika. Sýningar á tækninni vöktu heilmikla athygli. Í kjölfarið landaði Oz risasamningi við sænska farsímarisann Ericson. Samningurinn var til þriggja ára og nam verðmætið einum milljarði króna.

UPPHAFIÐ AÐ FALLINU

Talsverðar breytingar urðu á rekstri Oz eftir þetta. Allt var sett á fullt þróun samskiptalausnarinnar iPulse. Grafík-



TÆKNIRISINN Í SEPTEMBER 1996 Þegar best lét voru um 250 manns á launaskrá hjá Oz. Maðurinn lengst til hægri er Eyþór Arnalds, sem hafði gert það gott með hljómsveitinni Todmobile.



LANDMANNALAUGAR eru vinsælar meðal baðglæðra ferðamanna. Þess ber þó að geta að nokkuð hefur borið á sundmannakláða meðal baðgesta seinni hluta sumars og í haust. Það eru kláðabólur sem sundlirfur sníkjudýra í fuglum valda eftir að hafa smogið gegnum húð manna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR	HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR	RAFGEYMAÞJÓNUSTA
SPINDILKÚLUR	OLÍS SMURSTÖÐ
ALLAR PERUR	BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAFJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Nýju vörurnar komnar

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö, 12-18,
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra




Benedikt Einarsson lögfræðingur ásamt æskufélaga sínum, Hilmarí Geirssyni, á „svæði sjö“ í haust með kú sem hann felldi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Virðing fyrir bráðinni er veiðimanni efst í huga

Benedikt Einarsson lögfræðingur er alinn upp í stangveiði og fer reglulega á rjúpna- og gæsaveiðar. Hann prófaði að veiða hreindýr í fyrsta skipti í haust en hann hitti kúna fyrir á fyrsta degi ferðalagsins.

„Ég hef mjög gaman af veiðum, en kemst þó ekki í hálfkvisti við þessa léttbiluðu veiðimenn. Ég myndi segja að ég væri öllu fremur venjulegur áhugamaður,“ segir Benedikt Einarsson lögfræðingur. Í haust fór hann á hreindýrveiðar og skaut kú á Austurlandi.

Benedikt hefur farið á rjúpna- og gæsaveiðar í gegnum tíðina og skýtur rjúpu í jólamatinn hvert ár en hann er alinn upp í stangveiði. Hann prófaði hins vegar að veiða hreindýr í fyrsta skipti í sumar og segir að hann hafi lengi langað til að prófa. „Mér fannst ég verða að prófa þetta en það má segja að þetta snúist allt um spennuna

rétt áður en maður tekur í gikkinn. Þær sekúndur eru mikið kikk og ég sé ekki eftir að hafa reynt þetta. Hins vegar verður að segjast að hreindýrveiðar komast ekki í hálfkvisti við rjúpna- eða gæsaveiði.“

Á hreindýrveiðum er mikið keyrt, alveg þangað til veiðimenn þefa uppi dýrin og Benedikt segir að það hafi ekki tekið langan tíma í haust en hann og æskufélagi hans og veiðifélagi, Hilmar Geirsson, fengu kúna á fyrsta degi veiðanna.

„Ég fékk lánaðan riffil, þeir eru svo rosalega dýrir. Við erum von að hafa hreindýrakjöt í mat-

inn annan í jólum og svo rjúpu á aðfangadag. Það fullnægir ákveðnu frummannseðli að koma heim með dýrið og snæða bráðina. Virðing fyrir bráðinni vikur hins vegar aldrei úr huganum og er algjört lykilatriði. Ég skýt til að borða og það er mikilvægt að haga veiðum þannig að dýrið þjáist sem minnst. Eins og mér finnst gaman að skjóta, hef ég ekkert sérstaklega gaman af því að aflifa særða rjúpu eða gæs,“ segir Benedikt og segir að hafður verði sami siður í ár og síðustu ár – að hafa rjúpu á bordum. Annað séu helgisþjöll.

juliam@frettabladid.is

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk

Mundu eftir að finna **besta verðið** áður en þú kaupir þér dekk

Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð

-15%

AFSLÁTTUR

BÍLKÓ

ATH. OPID Á LAUGARD. KL. 10-14



Á FERÐINNI

LEIÐBEINANDI í æfingaakstri
sækir um leyfi til lögreglustjóra
í heimabyggð viðkomandi.




Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



SPLUNKUNÝR ÍÞRÓTTAHALDARI

Mjög haldgóður og sérstaklega
þægilegur spangarlaus íþróttahaldari
í D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH,J skálum á
kr. 10.950,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14



Þetta hjól er smíðað frá grunni úr nýjum hlutum, með létrri stálgrind. Hjólið er eingíra, og segir David það allt annars konar
reynslu að hjóla á slíku hjóli.

Einfaldleiki framar öllu

Bretinn David Robertson hefur rekið hjólasmiðastofuna og verkstæðið Kría Cycles á Hólmaslóð í hálf t. Hann vill minna Íslendinga á að hjólréiðar eigi ekki bara að stunda á sumrin.

„Markmiðið er að bjóða upp á þjónustu sem ekki er völ á annars staðar í Reykjavík,“ segir David Robertson, sem rekur hjólasmiðastofuna og verkstæðið Kría Cycles á Hólmaslóð úti á Grandi. Ásamt því að bjóða upp á alhliða hjólavíðgerðir, fyrir allar tegundir hjóla, sérhæfir Kría sig í að smíða ný hjól frá grunni og endurbýggja gömul hjól.

Að sögn Davids gengur aðferðafræði Kría út á að halda hlutum um eins einföldum og framarlega er kostur. Liður í því er að hjólin sem smíðuð eru á þeirra vegum séu í grunninn eingíra eða með innbyggðum öxulgírnum. Að mati Davids henta slík hjól íslenskum aðstæðum vel vegna minna viðhalds.

David fæddist í bænum Tonbridge í Englandi. Hann starfaði sem arkitekt í London og einnig hér á Íslandi þar til hann missti starfið í kjölfar kreppunnar. Til Íslands fluttist hann snemma árs 2007 og á hér konu og barn.

Hann segist alltaf hafa haft áhuga á reiðhjólum. „Í London er miklu betra að hjóla en treysta á stopular almenningsamgöngu. Að keyra bíl í London getur til dæmis verið afar sársaukafull reynsla,“ segir hann og hlær. „Ég ætlaði mér alltaf að verða atvinnuhjólréiðamaður, en fékk svo meiri



Hjólasmiðastofan reynir að útvega alla þá hluti í hjól sem ekki eru fáanlegir á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áhuga á hlaupum og náði nokkuð langt í þeirri íþróttgrein. Um leið og ég flutti til Íslands fór mig að langa til að smíða hjól.“

David opnaði Kría Cycles í vor. „Sumarið gekk vel, sérstaklega þegar tekið er með í reikninginn hversu nýtt fyrirtækið er. Margir Íslendingar líta á það að hjóla sem eitthvað sem eingöngu er hægt að gera á sumrin, en sú er alls ekki raunin. Auðvitað koma dagar þar

sem ekki er snjúgu að hjóla um í snjó og frosti, en þeir þurfa ekki að vera svo margir,“ segir David.

Auk einfaldleikans leggur David mikið upp úr útliti reiðhjólanna. „Það er engin ástæða til að líta eingöngu á reiðhjól sem farartæki. Góð reiðhjól geta verið virkilega flott, og það er eitt af því sem ég vil ná fram hér á stofunni,“ segir David Robertson.

kjartan@frettabladid.is

GLÓFAXI HF.
Armúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Startaðu betur í vetur
Nú þegar veturinn er genginn í garð munu langar frostnætur reyna mjög á rafgeyminn þinn og óvíst hvort hann lifi af. TUDOR rafgeymirinn er hannaður til þess að þola það álag sem slíkar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppkomur. TUDOR rafgeymar - betra start í allan vetur!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 - 110 RVK - 577 1515 - skorri.is

TUDOR
fest í Sólningu Kópavogi, Njarðvík, Selfossi og Barðarnum Skútuvogi

Algreiðutími virka daga frá 8:15 - 17:30

Gísli endaði í kafi

Gísli G. Jónsson torfærakappi ætlaði sér að aka bifreið sinni rúmlega 200 metra yfir vatn í þýskum skemmtipætti.

Gísli Gunnar Jónsson tók þátt í þýska skemmtipættinum Wetten dass um helgina. Þátturinn, sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni ZDF, er gríðarlega vinsæll í Þýskalandi. Í hverjum þætti eru tekin fyrir nokkur áhættuatriði og fá heiðursgestir þáttarins að veðja um hvort atriðin takist eða mistakist. Þáttarstjórnandinn Thomas Gottschalk fékk á laugardaginn til sín marga fræga gesti, en þeirra á meðal voru Nelly Furtado og Witney Houston. Það voru þó ekki þær



Gísli Gunnar reyndi að aka torfærubifreið svipaðri þessari yfir mangert vatn.


sem veðjuðu á atriði Gísla heldur leikarinn Sebastian Koch úr Das Leben der Anderen. Áhættuatriði Gísla fólst í því að hann átti að aka torfærubifreið sinni rúmlega 200 metra yfir mangert stöðuvatn. Þar sem útsendingin fór fram að kvöldi til var svæðið flóðlýst. Mikil spennan ríkti áður en Gísli gaf í. Í fyrstu leit út fyrir að Gísli myndi hafa það yfir, bíllinn flaut vel en allt í einu fór hann að vaggja og að lokum sökk bíllinn og Gísli varð að bregðast hratt við til að sökkva ekki sjálfur niður í áttatíu metra djúpt vatnið. Leikarinn Sebastian Koch hafði veðjað á að Gísli tækist ætlunarverkið og þurfti hann því að leysa þrautir í sjónvarpsal.

Umhverfisþing 2009

FRÉTTABLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 7. OKTÓBER 2009



Þekki ferðamenn sögu staðanna staldra þeir lengur við og ferð þeirra verður innihaldsríkari. Myndin sýnir Herðubreið og Lindará í námunda við dvalarstað Fjalla-Eyvinds.



● NÝ SKÝRSLA UM UM- HVERFISMÁL

Á Umhverfisþingi verður fjallað um nýja skýrslu umhverfisráðuneytisins um stöðu umhverfismála hér á landi. Eitt af helstu verkefnum ráðuneytisins er að safna upplýsingum um stöðu og þróun umhverfismála, meta þær og miðla til almennings og þeirra sem taka ákvarðanir.

Skýrslunni svipar til Velferðar til framtíðar sem kom út fyrir sjö árum og nær til sömu málaflokka. Í henni er þó ekki að finna stefnumörkun stjórnvalda heldur ítarlega greiningu á ástandi og þróun mála. Vægi mála hefur einnig breyst og til dæmis er í skýrslunni fjallað ítarlega um loftslagsbreytingar, sjálfbæra neyslu og framleiðslu.

Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að Íslendingar losa meira af gróðurhúsalofttegundum á mann en meðaltal þróaðra ríkja þrátt fyrir að losun frá staðbundinni orkuframleiðslu sé líklega minni á mann en í nokkru öðru þróðu ríki. Þetta skýrist að stórum hluta af miklu vægi stóriðju og sjávarútvegs í efnahag Íslendinga.

● SJÁLFBÆR SAM- GÖNGUSTEFNA

Kristján Möller samgönguráðherra mun flytja erindi á Umhverfisþingi um samgöngustefnu stjórnvalda. Ríkisstjórnin samþykkti nýlega að hefja gerð áætlunar um sjálfbæra samgöngur. Áætlunin verður undir stjórn Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra og Kristjáns Möllers samgönguráðherra en auk þess verður haft náð samstarf við fulltrúa fjármálaráðherra vegna breytinga sem lúta til dæmis að sköttum og öðrum gjöldum.

Umhverfisráðherra og samgönguráðherra hafa orðið sammála um að leggja áherslu á nokkrar aðgerðir, þar á meðal stuðning við hjólréiðar almennings, breytingar á skattlagningu ökutækja og að hvetja stofnanir og fyrirtæki til að taka upp heildstæða samgöngustefnu.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gerð sjálfbærrar samgöngustefnu er í samræmi við samstarfsýfirlýsingu hennar.



Fjöldi falinna náttúruperlna

„Sumir halda að umhverfisvernd snúist um að fara aftur í torfkofa,“ segir Berglind Víkorsdóttir, umhverfisfræðingur og gæðastjóri Ferðapjónustu bænda, en hún segir mikilvægt að auka skilning á mikilvægi ferðapjónustu hér á landi. Hlutverk hennar hafi farið vaxandi og gjaldeyristekjur af henni aukist.



Berglind Víkorsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Berglind bendir á að rekstur ferðapjónustu sé alls engin trygging fyrir virðingu fyrir umhverfinu. Of mikið álag sé á sum svæði vegna ferðamannastraums, þau þurfi að undirbúa betur með hliðsjón af auknum átroðningi. Þá sé einnig mikilvægt að dreifa ferðamannaströumum markvissara um landið, úr mörgum stöðum sé að velja. „Við eigum mikið af földum perlum sem ekki hafa verið mark-

aðssettar,“ segir hún. Auk þess telur hún þörf á því að miðla frekar upplýsingum um svæði, kynna sögu þess og kennileiti í auknum mæli svo hægt sé að lengja heimsóknir fólks og gera veru þess innihaldsríkari.

Þá bendir Berglind á mikilvægi sjálfbærrar ferðapjónustu en í stuttu máli er slík ferðapjónusta skilgreind sem: starfsemi sem ber virðingu fyrir umhverfinu, trygg-

ir verndun náttúrulegra og menningarlegra auðlinda til langs tíma, og er ásættanleg og réttlát frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði.

Nokkuð vantar upp á sjálfbærni ferðapjónustu hér á landi en hjá Ferðapjónustu bænda hefur markvisst verið unnið að því að auka þekkingu og skilning á mikilvægi þess með fræðslu og námskeiðahöldum. „Það eru um 140 félagar í Ferðapjónustu bænda um allt land og fjölbreytni og umfang starfsemi mjög margbreytileg,“ segir Berglind. Lagður hafi verið grunnur að markvissri vinnu í umhverfismálum innan Ferðapjónustu bænda árið 2002 en þá setti þjónustan sér sérstaka umhverfisstefnu. „Við vildum vekja fólk til umhugsunar og kenna fólki að ná markmiðum og svo hvernig það getur orðið sér úti um gæðavottun,“ segir Berglind en hún segir vottanir á borð við Svaninn, ISO

14001 og Green Globe mikilvæga við að ná fram markmiðum og mæla árangur. Þessir þrír staðlar geta þó verið of umfangsmiklir og kostnaðarsamir til að þeir henti minni fyrirtækjum. Leita þurfi fleiri leiða til að umbuna fyrir það sem vel er gert í þessum efnum.

Fáum sem ferðast um landið dylst að margt er ógert í uppbyggingu á innviðum ferðapjónustunnar. Salernisaðstaða er víða í ólestri og átroðningur á viðkvæm svæði mikill. Berglind segir að í því ástandi sem nú ríkir á Íslandi felist mörg tækifæri. Fólk kanni rætur sínar og uppruna í auknum mæli, læri að meta matargerð og fatnað þjóðarinnar. Þá ferðist fólk meira um landið sitt og læri þannig að meta hve mikilvægt það er því sjálftu og þeim kynslóðum sem eru og eiga eftir að vaxa hér úr grasi. Því eigi fólk eftir að gera sér betur grein fyrir mikilvægi sjálfbærrar ferðapjónustu. -kdk

Umhverfisþing um sjálfbæra þróun

Umhverfisráðherra boðar til Umhverfisþings dagana 9. og 10. október. Sjálfbær þróun verður aðal-umfjöllunarefni þingsins að þessu sinni.

Nú stendur yfir endurskoðun á áherslum stjórnvalda á sviði sjálfbærrar þróunar og þátttakendum á Umhverfisþingi verður boðið að leggja fram hugmyndir í þá vinnu. Eftir verður til svokallaðs heimskaffis þar sem hugmyndir verða ræddar og þær kynntar þinggestum. Í kjölfarið verða til-

lögurnar teknar saman í skýrslu sem stjórnvöld munu nýta við endurskoðun stefnu um sjálfbæra þróun.

Á þinginu verður einnig lögð áhersla á þátttöku ungs fólks til að stuðla að umræðu milli kynslóðanna um framtíðarþróun Íslands. Þau Sigríður Ólafsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson, nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð, flytja erindi fyrir hönd ungmenna á þinginu.

Í málstofum á þinginu verður




Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra boðar til umhverfisþings.

fjallað um umhverfismál í sveitarfélögum og atvinnulífinu.

Hjalti Þór Vignisson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, verður heiðursgestur. Þóra Arnórsdóttir og Freyr Eyjólfsson verða þingforsetar.

Þingið er haldið á Hótel Hilton í Reykjavík og hefst klukkan 9 með ávarpi umhverfisráðherra. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um þingið á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, umhverfisradu-neyti.is/umhverfisthing09.



Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs hlýtur fyrst byggingu umhverfisvottun.

Fyrsta umhverfisvottaða byggingin

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri verður fyrsta byggingin hér á landi sem verður byggð samkvæmt vottuðum vistvænum byggingarstöðlum. Við hönnun byggingarinnar voru vistvænar aðferðir hafðar að leiðarljósi með það að markmiði að takmarka neikvæð umhverfisáhrif, skapa heilnæman vinnustað, minnka rekstrarkostnað og stuðla að góðri ímynd. Stefnt er að því að byggingin verði vottuð sem vistvæn mannvirki samkvæmt vottunarkerfi BREEAM (British Building Research Establishment Environmental Assessment Method).

Vottun byggingarinnar samkvæmt BREEAM gerir ákveðnar kröfur til verktaka, meðal annars varðandi verklag á vinnustað og innkaup á byggingarefnum. Þetta þýðir að verktaki skuldbindur sig til þess að vinna samkvæmt virku umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi. Í gestastofunni á Skriðuklaustri verður sett upp kynning á þjóðgarðinum og þar verður hægt að nálgast allar upplýsingar um þjóðgarðinn og nágrenni hans, gönguleiðir, náttúrufar, sögu, þjónustu og afþreyingu.

Vinna við að stöðva akstur utan vega

Umhverfisráðuneytið vinnur að því á nokkrum vígstöðvum að stöðva akstur utan vega í náttúru Íslands, en miklar skemmdir hafa verið unnar á náttúru landsins með akstri utan vega, til dæmis á Reykjanesi, í Snæfellsjökulsþjóðgarði og í Friðlandi að Fjallabaki.

Í kjölfar vettvangsferðar í Reykjanesfólkvang í sumar skipaði Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra aðgerðateymi til að hrinda af stað átaki til að verja náttúru Reykjanesfólkvangs fyrir skemmdum af völdum aksturs utan vega. Umhverfisráðherra segist vona að átakið geti orðið fyrirmynd svipaðra átaksverkefna víðar um land.



Utanvegaakstur skilur eftir sig lýti á landinu.

Jafnframt þessu vinnur umhverfisráðuneytið að því í samvinnu við Vegagerðina, Landmælingar, Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að skilgreina vegi á hálendi Íslands með það að markmiði að eyða óvissu um hvaða slóða megi aka og hvaða slóðar hafi verið myndadír í óleyfi. Í upphafi árs skipaði umhverfisráðherra samráðshóp um fræðslu gegn akstri utan vega og hefur sá hópur meðal annars komið að gerð fræðsluskilta um utanvegaakstur.

● **VISTVÆN INNKAUPASTEFNA** Ríkið innleiddi vistvæna innkaupastefnu síðastliðið vor. Þetta þýðir að við innkaup hins opinbera verður í auknum mæli lögð áhersla á umhverfisvottaða vöru og þjónustu. Íslenska ríkið kaupir vörur, þjónustu og verk fyrir meira en 100 milljarða króna á ári sem er um fjórðungur af útgjöldum ríkisins. Með því að hafa umhverfissjónarmið til hliðsjónar við þessi innkaup, getur ríkið komið miklu til leiðar í umhverfismálum.



Með skýrum kröfum um umhverfissjónarmið stuðlar ríkið að því að markaðurinn bjóði nýja og betri valkosti til að mæta kröfum um minna álag á umhverfið. Vistvæn innkaup geta líka minnkað kostnað og aukið gæði.

Með skýrum kröfum um umhverfissjónarmið stuðlar ríkið að því að markaðurinn bjóði nýja og betri valkosti til að mæta kröfum um minna álag á umhverfið. Vistvæn innkaup geta líka minnkað kostnað og aukið gæði.

Hönnun fyrir umhverfið, heilsuna og fjárhaginn

Vistvæn hönnun mannvirkja er í mikilli sókn víða erlendis og hefur notkun á vottunarkerfum fyrir vistvænar byggingar aukist. Á Íslandi eru þrjú hús í vottunarferli.

Vistvæn hönnun mannvirkja og vottun verður til umfjöllunar á Umhverfisþingi 2009 en þar mun Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs Eflu verkfræðistofu, fjalla um þá hvata sem liggja að baki vistvænni hönnun, verkefnastjórnun á framkvæmdatíma og vottun. Þrjú hús eru í vottunarferli hjá Framkvæmdasýslu ríkisins og eru starfsmenn Eflu henni til ráðgjafar. Einn þeirra er Eysteinn Einarsson og féllst hann á að útskýra ferlið.

„Vistvæn hönnun grundvallast á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með sjálfbærri þróun er leitast við að mæta þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Í vistvænni byggingu er leitast við að hámarka notagildi og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif,“ segir Eysteinn og nefnir dæmi: „Það er reynt að lágmarka efnisnotkun og nota til dæmis timbur úr skógum sem eru endurnýtanlegir. Eins að lágmarka notkun á efnum sem er farið að ganga mikið á ásamt því að nota orku frá endurnýtanlegum orkugjöfum.“

Eysteinn segir hvatann umhverfis-, fjárhags- og heilsufarslegan. „Byggingariðnaðurinn er talinn ábyrgur fyrir um fjórutíu prósentum af orku- og hráefna-notkun í Evrópu. Umhverfisáhrif vegna framkvæmda, reksturs og niðurrifs eru því umtalsverð en með vistvænni nálgun má draga úr neikvæðum áhrifum,“ segir Eysteinn og heldur áfram: „Eins hefur verið sýnt fram á umtalsverðan fjárhagslegan ávinning af vistvænni hönnun. Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að reikna út vistferilskostnað bygginga eða kostnað við byggingu, rekstur og niðurrif. Í Evrópu hefur verið áætlað að rekstrarkostnaður sé um fimmfaldur byggingarkostnaður og skiptir því verulegu máli að huga að því strax við hönnun að lágmarka rekstrarkostnað eins og gert er þegar vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Heilsufarslegi hvatinn snýr síðan að því að byggja hús þar sem fólki líður vel en mýmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að léleg lýsing, hljóð- og loftgæði draga úr afköstum fólks. Þá getur losun skaðlegra efna í byggingum valdið ofnæmi, höfuðverk, streitu og vanlíðan.“



Eysteinn segir að með vistvænni hönnun sé leitast við að hámarka notagildi og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eysteinn segir vistvæna hönnun í mikilli sókn og hefur notkun á vottunarkerfum fyrir vistvænar byggingar aukist í heiminum á undanförunum árum. Markmið þeirra er að auðvelda og samræma útfærslu vistvæna bygginga. Efla notar breska kerfið BREEAM sem tekur til nýu umhverfisþátta. Má þar nefna staðarval, efnisval, framkvæmd, orku og vatn, heilsu og vellíðan, úrgang og vistfræði. Þessi atriði eru öll höfð til hliðsjónar við hönnun og byggingu þeirra þriggja húsa sem eru í vottunarferli hjá Framkvæmdasýslu ríkisins en það eru Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi, Hús íslenskra fræða og Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri.

- kv

Vandamálið jókst í góðærinu

„Utanvegaakstur er gríðarlegt vandamál. Þar fléttast saman margir þættir eins og náttúruþjöll, hætta sem steðjar að dýralífi og hljóðmengun svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur og staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum. Alda situr í nefnd um utanvegaakstur í Reykjanesfólkvangi hjá Krísuvík, sem skipuð var af umhverfisráðuneytinu í upphafi ársins.

Að sögn Öldu Hranar veldur utanvegaakstur miklum spjöllum um allt land. Að loknum störfum skilar nefndin tillögum að úrbótum í þessum málum. „Vinnan í nefndinni gengur einna mest út á að finna út leiðir til að sporna við þessum spjöllum og lagfæra það sem skemmst hefur. Einnig leggjum við mikla áherslu á umræður um hvernig framfylgja megi refsivandamálum.“



Alda Hrönn segir utanvegaakstur valda miklum spjöllum um allt land.

þættinum. Samkvæmt umferðarlögum og lögum um náttúruvernd er allur akstur utan vega bannaður. Meðal þess sem rætt er um er

hvert rétt sé að leyfa slíkan akstur einhvers staðar,“ segir Alda Hrönn.

Hún segir vandamálið hafa aukist til muna í góðærinu, þegar innflutningur á torfærutækjum jókst mikið. „Í Bolöldu á Hellisheiði er til dæmis svæði sem er sérhannað fyrir torfæru. Það er athugunarefni hvort fjölga þyrfti slíkum svæðum. Ýmsar hugmyndir eru í sköðun. Eins og er erum við að ráðfæra okkur við hagnúnaðila og fleiri og tillögur að úrbótum munu taka mið af því.“

Alda Hrönn segir aukna fræðslu um vandamálið leika stórt hlutverk. „Sérstök fræðslunefnd um málið er starfandi á vegum Umhverfisstofnunar. Það skiptir miklu að kynna fyrir fólki hvað það er sem ekki má gera, en ekki minna má skipta kynningar á því sem má gera,“ segir Alda Hrönn.

- kv

Stefnt að sjálfbærri Íslandi 2020

Unnsteinn Manuel Stefánsson og Sigríður Ólafsdóttir, nemendur við Menntaskólan við Hamrahlíð, hittu Svandís Svavarsdóttur umhverfisráðherra í tilefni af Umhverfisþingi en Unnsteinn og Sigríður munu taka til máls á þinginu. Þau ræddu um endurnýtingu fyrr og nú, samgöngur og betri umhverfisvænni borg.

Þegar þú varst að alast upp Svandís – hvað var endurnýting í þínum huga og hjá fólki í kringum þig? Og hvernig er umhverfismálum og endurnýtingu hagað á ykkar heimilum í dag – Unnsteinn og Sigríður?

Svandís: Endurnýting er mjög nýtilkomin á Íslandi. Ég man eftir að hafa verið úti á landi um tvítugt þar sem þótti eðlilegt að sturta ruslinu út í sjó. Á þeim tíma snerist endurnýting mun fremur um nægjusemi og nýtingu, að klippa skálmarnar neðan af buxunum og breyta þeim í stuttbuxur eða föndra úr eggjabökkum og þvo gamlar sultukrúkkur. Í brjálæðinu árin 2005, 2006 og 2007 var það svo þannig að ef eitthvað bilaði henti fólk því bara og keypti nýtt. Tæki og tól síðustu ára eru líka mörg þannig gerð að þau endast ekki. Ryksugan sem pabbi og mamma fengu í brúðargjöf árið 1964 var enn þá til árið 2005. Nú endast raftæki í mjög stuttan tíma sem þykir bara eðlilegt. Tækni-nýjungarnar ættu hins vegar að geta leitt til þess að maður þyrfti ekki stöðugt að endurnýja hlutina.

Sigríður: Á mínu heimili hefur dósasöfnun alltaf verið í gangi og svo höfum við farið með ónýta hluti í Sorpu. Einu sinni var átak og lífrænn úrgangur flokkaður en það entist í ár.

Unnsteinn: Heima hjá mér er þetta meira gert í sýrpum. Eins og oft þegar verið er að safna peningum fyrir kórferðir og slíkt. En annars hefur endurnýting ekki verið þema hjá okkur. Ég dvaldi einu sinni í útlöndum í heilt sumar og tók þá eftir því að þar var miklu meiri hvatning í gangi fyrir fólk að skila af sér gosumbúðum til dæmis því fólk fékk talsvert fyrir að skila og endurvinnslan sjálf var aðgengileg.

FLESTIR FÉLAGARNIR Á BÍLUM

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur umhverfisvænar framtíðarsamgöngur í landinu?

Sigríður: Eins og staðan er í dag á Íslandi veit maður að það er ekki mikið hægt að gera á Íslandi til að breyta samgöngukerfinu. En hins vegar er strætókerfið í borginni alveg skelfilegt, fyrir ungt fólk eins og okkur Unnsteinn. Við erum mörg hver komin með bílpróf og erum á einkabílum því kerfið er svo gallað. Ég held að þar skipti ekki höfuðmáli að lækka fargjaldið heldur að bæta leiðirnar og fjölga þeim – það er helst það sem stöðvar mann í að nota strætó. Ég man til dæmis þegar ég var einu sinni á Krít þá var strætó þar sem kom bara einhverntímann – á klukkutíma fresti – og mér fannst það næstum betra en kerfið er til dæmis hér heima en helgar. Um helgar



Unnsteinn Manuel Stefánsson, Sigríður Ólafsdóttir og Svandís Svavarsdóttir vildu gjarnan sjá samgöngur betri í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

þegar ég er að keppa í íþróttum er ég kannski einn og hálfan klukkutíma á leiðinni á mótið með strætisvagni. Flestir vinir mínir keyra í skólann á eigin bíl eða á bíl foreldra.

Unnsteinn: Ég sé alveg fyrir mér að í framtíðinni – hér í miðbænum og fyrir fólk sem býr miðsvæðis – sé hægt að sleppa því að vera á einkabíl. Mér finnst lestarakerfi í Reykjavík líka spennandi möguleiki en ég er mjög hrifinn af metróinu erlendis. Við félagarnir erum ýmist í strætó eða bíl en til dæmis hvað varðar kóræfingar og slíkt, sem eru á kvöldin, þá eru allir á bíl.

Sigríður: Ég held að ef strætókerfið sé gott þá sé fólk ekkert að kvarta yfir verðlaginu á ferðum – það er til dæmis reynslan úti í Danmörku, að Danir kvarta ekkert yfir verðinu þar sem þeir eru svo ánægðir með leiðakerfið.

Svandís: Unnsteinn var með mikilvæga ábendingu um að geta farið allra sinna ferða fótgangandi, á hjóli eða í strætó, og þar skiptir skipulagið öllu máli. Til dæmis er Reykjavík mjög dreifð og er skipulögð svolítið eins og amerísk borg. Mikið er um úthverfi sem eru ekki sjálfbær, heldur svæði þar sem fólk sefur og dvelur í seinni part dags og á kvöldin. Fólk sækir þá nám og vinnur yfirleitt annars staðar. Menning og íþróttir eru líka oft sótt í önnur hverfi. Skipulag hefur mest áhrif á ferðavenjur og ég held að við höfum ekki verið nógu meðvitund um það. Við þyrftum að byggja þéttar og hugsa líka um að hverfin séu sjálfbær. Við þurfum til dæmis að standa vörð um hverfisbúðir – að hægt sé að kaupa bækur og í matinn í hverfinu, fara í sund og allt sem er mikilvægt út frá því að menning og mannlíf þrífist. Hverfin í er-

lendum borgum sem heilla mann mest eru einmitt hverfin þar sem slátrarinn er á einu horninu og skósmiðurinn og bíóið á öðru. Til dæmis ef Vatnsmýrin væri þéttbyggð gæti þrífist þar umhverfisvænn borgarhluti fyrir framtíðarkynslóðir og þannig er Vatnsmýrin mikilvægt umhverfismál fyrir Reykjavík og landið allt.

SKIPT UM HLUTVERK

Nú skuluð þið skipta um hlutverk. Þið, Unnsteinn og Sigríður, fáid það verkefni að sinna starfi umhverfisráðherra í eina viku og þú Svandís ert 18 eða 19 ára gömul og getur eytt tólmstundum þínum í að vinna að einhverju umhverfistengdu málefni. Hvað ætlið þið að taka ykkur fyrir hendur í nýja hlutverkinu?

Svandís: Ef ég væri 18 ára myndi ég örugglega reyna að búa til einhvern félagsskap í kringum umhverfismál. Ég myndi helst vilja sjá ungmennanet um allt land sem í væru frumkvöðlar í umhverfismálum. Ungt fólk er fólkið sem tekur við jörðinni sem við hin erum að taka ákvarðanir um.

Unnsteinn: Frjálshyggjan hefur verið mjög áberandi undanfarin ár og nánast verið tabú að vera með eitthvað ríkisrekið. Ég myndi til dæmis vilja stofna Grænmetisbúð ríkisins sem væri hér niðri í bæ sem væri með íslenskri framleiðslu og væri með gott verð á grænmeti.

Sigríður: Ég er sammála Unnsteini og einnig myndi ég vilja hafa einhver áhrif á strætókerfið, því það finnst mér skipta miklu máli. Einnig mætti efla meðvitund og virðingu fyrir landinu sem við búum í.

Svandís: Eins og Sigríður nefnir er náttúruverndin mjög mikilvæg. Því þrátt fyrir hrunið er svo

marginn sem við eigum og er ekki farið – þar á meðal landið okkar, sem er algerlega ómetanlegt.

Sigríður: Túristar sem koma hingað vilja helst skoða landið.

Svandís: Einmitt og kannanir sýna að ferðamenn sem koma hingað séu helst að sækja eftir því að upplifa náttúruna. Því verðum við að átta okkur á því að við megum ekki ganga á náttúruna á kostnað kynslóðanna sem verða hér eftir fimmtíu eða 100 ár. Við höfum ekki leyfi til þess. Þetta er sjálfbær þróun – að við verðum alltaf að hugsa í allri ákvarðanatöku – hvort sem við erum að taka ákvörðun um strætókerfið, endurvinnslu eða Þjóðleikhúsið – þá þarf ég alltaf að hugsa um komandi kynslóðir. Orðið sjálfbær þróun þýðir að við þurfum að gefa náttúrunni, umhverfinu, samfélaginu og efnahagnum alltaf til baka, jafnmikið og tekið er.

ÞURFUM AÐ TALA SAMAN

Að lokum. Svandís – hvaða spurningu viltu leggja fyrir Unnsteinn og Sigríði? Og hvers viljið þið, Sigríður og Unnsteinn, spyrja Svandísi?

Unnsteinn: Hvernig muntu reyna að færa umhverfisráðuneytið úr hlutverki ráðuneyti sem þrífst á boðum og bönnum í ráðuneyti sem talar til fólks?

Svandís: Þessi spurning er sú sama og ég spurði mig þegar ég varð umhverfisráðherra. Umhverfismálin eru svo mikilvægur málaflokkur og þarf að vera miklu miðlægari og fela í sér sóknarfæri en ekki snúast um að vera með puttann á lofti. Hvernig á að gera það – jú – til dæmis með því að tala við ykkur. Ég veit að ég finn ekki öll svörin með því að tala við sjálfa mig. Ég lít svo á að ég sé í vinnu hjá ykkur og framtíðinni. Líka skiptir miklu máli

að efla umhverfissýnina í öðrum ráðuneytum.

Sigríður: Nú eftir að umhverfisþinginu lýkur, hvað tekur þá við – hverju langar þig að breyta?

Svandís: Mig langar til þess að umhverfismálin verði ofar í huga Íslendinga. Það sem væri allra best væri að allir tækju höndum saman og segðu: Við ætlum að búa til sjálfbært Ísland árið 2020 og við ætlum að vera fyrst í heimi til að ná því markmiði. Við ættum þá að geta sýnt með stolti, öðrum þjóðum, hvernig við komumst út úr kreppunni – með breyttri forgangsröðun, heildarsýn og rót-tækri uppstokkun. Nú spyr ég ykkur: Finnst ykkur þetta sem við erum að gera núna, skipta máli, til að vekja ungt fólk til umhugsunar um það sem er í gangi í umhverfismálum?

Unnsteinn: Já, mér finnst það. En það þyrfti að taka ákveðinn hallærisbrag af þessum mála-flokki, sem virðist loða við hann stundum. Í auglýsingum um umhverfismál eru þau oft gerð minna alvarleg en þau í raun eru – með því að veifa einhverjum lukkudýrum og slíku. Alvarleikinn er miklu meiri en okkur er gerð grein fyrir – og tónninn mætti vera sá í auglýsingum líka. Þetta er okkar framtíð.

Sigríður: Ég held að þetta hafi áhrif, já. Og ef við ætlum að gera umhverfisþing að föstum lið – er það gott og jafnvel fara neðar í bekkina – fara til yngri krakka sem eru virkir í þessu og opnir.

Svandís: Ég sé nefnilega fyrir mér að hægt sé að búa til ungmennaráð umhverfismála sem er þá nánast eins og ráðgjafaráð ungs fólks fyrir umhverfisráðherra. Það er grundvallaratriði að hafa samráð við ungt fólk um framtíð landsins og jarðarinnar allrar.

-jma

Tækifæri í merkingum

Norræna umhverfismerkið Svanurinn er að hefja sig til flugs. Umhverfisstofnun hafa borist tíu umsóknir um vottun það sem af er árinu, en fjögur leyfi voru í gildi í byrjun árs. Stefnt er að því að þrefalda fjölda leyfissvansmerkra vara á markaðnum stórlega. „Svansmerkið er traust val fyrir alla sem vilja gæðavörur sem eru betri fyrir umhverfið og heilsuna,“ segir Anne Maria Sparf, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.



Svansvottun byggir á ströngum kröfum og úttekt óháðra aðila. Kröfurnar ná yfir allt framleiðsluferlið svo sem hráefnis- og orkunotkun, notkun hættulegra efna, útblástur og endurvinnslu. Gæðin eru tryggð þar sem virkinn þarf að vera jafngóð og hjá sambærilegum vörum.

Það kemur flestum á óvart hversu mikið úrval er af svansmerktum vörum í íslenskum verslunum. Um 150 svansmerktar vörutegundir eru fáanlegar hér og úrvalið eykst þrátt fyrir kreppuna. „Íslendingar geta í langflestum tilfellum valið svansmerkt í sínum daglegu innkaupum,“ upplýsir Anne.



Aðalbjörg Birna bendir á að litill munur sé á meðaltalsafla sem veiddur er á botnvörpu og línu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bæjaryfirvöld Stykkishólmsbæjar hafa haft öfluga umhverfisstefnu að leiðarljósi síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Höfum náð settu marki

Stykkishólmsbær og Íslenska gámafélagið gerðu með sér samning um flokkun sorps og moltugerð í bæjarfélaginu í nóvember árið 2007. Unnið hefur verið ótulllega að umhverfismálum í bænum síðustu ár og með undirritun samningsins varð Stykkishólmsbær fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að hefja flokkun á sorpi og moltugerð á lífrænum úrgangi frá öllum heimilum bæjarins. Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, segir verkefnið hafa gengið vonum fram.

„Við náðum settu marki. Nú erum við til dæmis að endurvinnna 68 prósent af heildarsorp magni frá íbúum bæjarins. Áður var talan um 10 prósent. Við höfum þar með mætt viðmiðum Evrópusambandsins um að draga úr urðun á lífrænum úrgangi árið 2020,“ segir Erla.

Eftir undirritun samningsins fór bæjarstjórn af stað með kynningarstarf á verkefninu. „Það var kynnt á íbúafundum, með heimsóknum til íbúa og sérstakri sorphirðuhandbók. Svo fjölguðum við tunnum við hvert heimili, sem samtals urðu þrjár. Brún tunna fyrir lífrænan úrgang, sem fer í moltugerð. Græn tunna fyrir allt endurvinnanlegt. Loks grá tunna fyrir almennt og óflokkanlegt sorp, sem síðan er urðað. Þannig fara aðeins 32 prósent af heildarmagnni sorps í gráu tunnuna, sem áður var 90 prósent.“ Erla tekur fram að markmiðið hefði aldrei náðst nema með samvinnu allra bæjarbúa. „Ótrúlegt en satt öll heimilin í bænum, um 480 talsins, hafa tekið þátt. Stykkishólmsbær er náttúrulega mjög umhverfissinnað bæjarfélag.“

Samningurinn rennur út í janúar 2011. Stendur til að endurnýja samninginn? „Ég geri ráð fyrir því að öllu óbreyttu. Enda tel ég að við séum hingað til eina sveitarfélagið eða eitt af fáum sem hafa náð þessum árangri,“ segir Erla, bjartsýn á framhaldið.



Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.

-rve

Meiri umhverfisáhrif af botnvörpuveiðum

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir gerði vistferilsgreiningu á þorskaforð með tilliti til veiða með botnvörpu og með tilliti til veiða á línu. Hún segir marga báta færa um mun meiri veiði en viðhald fiskistofna þoli.

„Það er kannski í takt við annað í þjóðfélaginu að hlutir stækka, án þess að innistæða sé fyrir þeirri stækkun. Það er mikið um að bátarnir hafi getu til að veiða mun meira en viðhald fiskistofna þolir“ segir Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, sérfræðingur á sviði náttúruauðlinda hjá Umhverfisstofnun. Meistararitgerð Aðalbjargar Birnu, sem útskrifaðist úr umhverfis- og auðlindafræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í júní síðastliðnu,

ber titilinn „Vistferilsgreining á íslenski þorskaforð með tilliti til tveggja mismunandi veiðiaðferða – Umhverfisáhrif af fiskveiðum“. Verkefnið var styrkt af Mátis, Matvælarannsóknnum Íslands.

Vistferilsgreining Aðalbjargar Birnu var í rannsókninni notuð til að bera saman veiðar á einu kílóí af léttisöltuðu lausfrystu þorsklaki með roði og beini í botnvörpu og á línu. Upplýsingum var safnað frá tveimur íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að þorskur veiddur í botnvörpu hafi umtalsvert meiri áhrif á alla umhverfisþætti sem tekið var tillit til, svo sem áhrifa á loftslagsbreytingar, súrnun og ofauðgun næringarefna, áhrifa lífrænna og ólífrænna efna á öndunarfæri og eitrunaráhrifa á vistkerfi.

Mestu umhverfisáhrifin verði við sjálfar fiskveiðarnar, sem komi til vegna olfunotkunar skipa. Til þess að veiða eitt kíló af því er samsvarar fullunninni afurð brenni fiskveiðiskip með botnvörpu 1,1 lítra af olfu. Línuskip noti 0,36 lítra til að veiða sama magn. Umtalsvert umhverfisáhrif sé einnig að finna í frystihúsum þar sem vinnslan fer fram, sér í lagi vegna kælimiðla sem þar eru notaðir.

Aðalbjörg Birna bendir í ritgerðinni á að rannsóknir gefi til kynna að breyting flotans úr botnvörpuveiði yfir í línuveiði þyrfti ekki að reynast of flókin. „Flest bendir einnig til þess að harla litill munur sé á meðaltalsafla sem veiddur er í botnvörpu og á línu. Þetta eru flóknar rannsóknir, meðal annars vegna skorts á rannsóknartækjum hér á landi,“ segir hún.

-kg

Bætir ímynd fyrirtækja

Fyrirtækið Sólarræsting hlaut umhverfisvottun Svansins árið 2007. „Það var fyrrverandi eigandi Sólarræstingar, Einar Ólafsson heitinn, sem hafði mikinn áhuga á umhverfismálum og kom þessu ferli af stað á sínum tíma,“ segir Þórsteinn Ágústsson, framkvæmdastjóri Sólarræstingar, inntur eftir því hvað varð til þess að tekin var ákvörðun um að sækjast eftir umhverfisvottun Svansins. „Við höfðum alltaf haft þá trú, bæði ég og hann, að umhverfismál og almenn hagræðing færu saman,“ segir Þórsteinn og sér ekki eftir ákvörðuninni þótt margar breytingar hafi þurft að gera á rekstri fyrirtækisins sem sinnir ræstingum og hreingerningum.

„Kröfurnar snúast ekki eingöngu um að nota umhverfisvæn efni heldur verða svansmerktar vörur og þjónusta að vera á við það besta,“ útskýrir Þórsteinn og telur að breytingarnar hafi haft gríðargóð áhrif á rekstur Sólarræstingar. „Allt skipulag varð betra. Maður varð að hugsa fram í tímann auk þess sem við tókum efnanotkunina í gegn,“ segir hann. Efnunum var til að mynda fækkað úr fjórtán í fjögur. „Þá minnkudum við mjög magn þess efnis sem var notað, sem skilar sér vitaskuld í sparnaði,“ segir hann og telur að Svansmerkið hafi haft jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins.

Svansmerkið er þó ekki eilífðarstimpill heldur verður fyrirtækið að vinna fyrir því. „Við erum undir eftirliti Umhverfisstofnunar sem kemur



Þórsteinn Ágústsson framkvæmdastjóri Sólarræstingar, segir breytingarnar sem fyrirtækið þurfti að gera til að hljóta vottun Svansins hafa haft góð áhrif á reksturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

reglulega í heimsókn og skoðar okkar vinnusvæði og við skilum til hennar ítarlegri ársskýrslu á hverju ári,“ segir Þórsteinn. Hann hefur sjálfur breytt ýmsu á sínu heimili eftir að fyrirtækið hlaut Svansmerkið. „Ég er farinn að flokka sorpið heima hjá mér og fylgist með hvernig efni eru notuð í þvottavélina og slíkt,“ segir hann.

-sg



Ert þú í Svansmerkinu?



www.svanurinn.is

STÓRLEIKIR
Í MEISTARAEILD EVRÓPU

LIVERPOOL - LYON
AZ ALKMAR - ARSENAL
REAL MADRID - AC MILAN
CHELSEA - ATL.MADRID
CSKA MOSKVA - MAN.UTD.

FORSETABIKARINN

SPORT
besta sætið

ENSKI DEILDARBIKARINN
ARSENAL - LIVERPOOL

FRANSKI BOLTINN

SILFURDRENGIRNIR
Í ÞÝSKA HANDBOLTANUM

STÓRLEIKIR Í ENSKA BOLTANUM

LIVERPOOL - MAN.UTD.
25. OKTÓBER

SPORT 2
enski boltinn

RISARNIR METASTÍ OKTÓBER

FORMÚLA 1

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



4ra rétta tilboð

á veitingastað Perlunnar

- **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
- **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
- **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
- **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
- **Skyr „Tonka crème brûlée“** með karamelluís ·

* EÐA *

6.890 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

FRAMUNDAN Í PERLUNNI

22. október **Villibráðarhlaðborðið**
19. nóvember **Jólahlaðborðið**

BANKA HÓLFID

Bíoverslun

Hljómsveitir, sem spila lög eftir erlendar hljómsveitir, og sveita-böll blómstra sem aldrei fyrr í Nýja Íslandi enda hafa fáir orðið efni á að ferðast til að berja fyrirmyndirnar augum á útlendu sviði. Það nýjasta eru beinar útsendingar á óperum og tónleikum á hvíta tjaldinu. Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson kom með fína hugmynd í spjalli á Rás 2 í vikubyrjun. Hún gengur út á að senda myndatökumann með flugvél til útlanda og taka upp verslunarleiðangur í erlendri stórborg. Þeir sem ekki hafa lengur efni á þess háttar utanlandsferðum sem tíðkuðust á Gamla Íslandi með nokkurra helga millibili ættu að geta rifjað upp gamla takta og svalað innkaupafíkn sinni að hluta yfir poppi og kók í myrkvuðum bíósal.



Kraftmikill bankastjóri

Keppinautar Kaupþings fá ekki síðri útreið en meðreiðarsveinar Ármanns hjá bankanum. Sigurjón Þ. Arnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, segir Ármann bera það með sér að hafa snætt í tvígang með jafn mörgum viðskiptavinum í hádeginu á hverjum degi. Sömmuleiðis hafi hann áorkað miklu innan veggja bankans og tekið vinnuna sömu tókum og hnífapörin.



Verðlaunabikar

Harla ólíklegt þykir að Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupthing Singer & Friedlander, banka í eigu Kaupþings í Bretlandi, verði tekinn á beinið fyrir að leka innherjaupplýsingum í bók sinni Ævintýraeyjan. Öðru máli gegnir hins vegar um magnaðar mannlýsingar sem þar má finna. Ármann dregur upp afar skýra en á tíðum miskunnarlausu mynd af samferðafólki sínu og dregur lítið undan. Engum er vægt, hvorki höfundu sjálfum né fyrrverandi kollegum hjá Kaupþingi. Stjórnarformaðurinn Sigurður Einarsson og forstjórinn Hreiðar Már Sigurðsson fá báðir sinn skerf og vel það. Í augum sumra er Hreiðar Már hár og grannur. Bankastjórinn gengisfellur á síðum í Ævintýraeyjunnar en Ármann segir hann minna öðru fremur á verðlaunabikar. Dæmi svo hver fyrir sig.



632 færri starfa á vegum félaga Samtaka iðnaðarins en gerðu í upphafi árs. Búist er við enn frekari fækkun starfa til áramóta.

7 bækur hafa komið út sem með einum eða öðrum hætti fjalla um hrun bankanna og efnahagskreppuna á Íslandi, sú nýjasta er bók Ármanns Þorvaldssonar, Ævintýraeyjan. Hinar eru Hrunið eftir Guðna Th. Jóhannesson, Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarsson, Ný framtíðarsýn eftir Þorkel Sigurlaugsson, Íslenska efnahagsundrið eftir Jón F. Thoroddsen, Why Iceland eftir Ásgeir Jónsson og Hvítbók Einars Más Guðmundssonar.

630 milljónir pólskra slota er upphæð láns Pólverja til Íslendinga sem er jafnvirði um 200 milljóna Bandaríkjadala eða 24,8 milljarðar íslenskra króna miðað við miðgengi Seðlabankans 6. október 2009.



Þýskir dagar

20% afsláttur

af öllum þýsku merkjunum okkar!

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

strellson

LLOYD

eterna

gardeur

Van Gils

bugatti

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

B & S

KONUR

B&S Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

KRINGLUNNI 533 4242

TILBOÐ Á HTH INNRETTINGUM --- 20% AFSLÁTTUR

20% afsláttur



er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

af öllum HTH innréttingum!

RAUÐA LÍNAN

ORMSSON býður nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR - VIÐ UPPFYLLUM ÞÉR
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

20% afsláttur

af öllum HTH innréttingum!

GULA LÍNAN

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Innréttingar tilbúnar til afgreiðslu beint af lager

Gullið tækifæri að endurnýja! 20% afsláttur

ORMSSON

SÖLUSTADIR:
• SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
• ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160 • LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
• MODEL-ÁKRANESI · SÍMI 431 3333 • RADIONAUST-ÁKUREYRI · SÍMI 461 5003

TIL Á LAGER

Sjá nánar: www.hth.dk

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

• ELDHÚS
• BAÐHERBERGI
• SVEFNHERBERGI
• ÞVOTTAHÚS

NIELS BOHR FÆDDIST PENNAN
DAG ÁRIÐ 1885

„Það er erfitt að spá, sér-
staklega um framtíðina.“

Niels Bohr var danskur eðlis-
fræðingur. Hann var einn af
frumherjum skammtafræð-
innar og varpaði ljósi á bygg-
ingu frumeinda. Hann hlaut
Nóbelsverðlaun árið 1922.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 7. OKTÓBER 1982

Kettir frumsýndir á Broadway

Söngleikurinn Cats, eftir tónskáldið Sir Andrew Lloyd Webber, var frumsýndur pennan dag árið 1982 á Broadway. Söngleikurinn hafði verið frumsýndur ári áður í West End í London en Trevor Nunn leikstýrði báðum verkum og Gillian Lynne stýrði danshluta þeirra.

Söngleikurinn gekk í ein 21 ár í West End en í átján ár á Broadway sem er met. Leikkonan Marlene Danielle tók þátt í Broadway-sýningunni öll þau átján ár sem hún var á fjölnum.



Cats vann til fjölda verðlauna, þar á meðal til Laurence Olivier-verðlaunanna og Tony-verðlaunanna sem besti söngleikurinn. Þá hefur Cats verið settur ótal sinnum upp í öðrum löndum og hefur verið þýddur á yfir tuttugu tungumál. Árið 1998 var hann tek-

inn upp og sýndur í sjónvarpi.

Söngleikurinn er byggður á bókinni Old Possum's Book of Practical Cats eftir T.S. Eliot. Memories er sennilega frægasta lagið úr söngleikum.

MERKISATBURÐIR

- 1391 Birgitta Birgisdóttir er tekin í dýrlingatölu.
- 1571 Orrustan við Lepanto í Grikklandi átti sér stað.
- 1828 Konungur gefur út úrskurð um það að kirkjudydyr skuli opnast út.
- 1879 Þýskaland gerir hernaðarbandalag við Austurrískungverska keisaradæmið.
- 1893 Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan er stofnað.
- 1954 Minjasafn Reykjavíkur er stofnað. Síðar var því skipt í Árbæjarsafn og Borgarskjalasafn.
- 1992 Tekin voru í notkun flóðljós á Laugardalsvelli í Reykjavík.
- 2001 Bandaríkin hefja árás á Afganistan.

Gengið um Hraun í Grindavík

Menningar- og sögutengd ganga í boði Grindavíkurbæjar og Saltfiskssetursins verður farin sunnudaginn 11. október og hefst klukkan 13.

Gangan hefst við Hraun austan Þórkötlustaðahverfis með vígslu á sjöunda söguskiltinu sem sett er upp í Grindavík. Genginn verður hringur meðal annars að fiskgördum í Slokahrauni, strandstað Cap Fagnets, Tyrkjadyss og hinum forna kirkjustað. Ómar Smári og Sigrún Franklín sjá um fræðsluna.

Gangan tekur um einn til tvo klukkutíma með fræðslustöppum. Gengið í hrauni og grasi. Gangan er liður í viðburða- og menningardagskrá Saltfiskssetursins og Grindavíkurbæjar. Í lok göngu verður heitt á könnunni.



GENGIÐ VIÐ GRINDAVÍK Menningar- og sögutengd ganga verður farin sunnudaginn 11. október.

Efnt til nafnasamkeppni

Blindrabókasafn Íslands hefur efnt til samkeppni um nýtt nafn og lógó fyrir safnið. Í verðlaun eru 25.000 krónur fyrir nafn og sama upphæð fyrir lógó eða kjörorð. Viðurkenningarskjöl fylgja.

Nýja nafnið og lógóið eiga að vera í senn grípanði og kynningarvæn. Önnur skilvörð eru ekki sett, en auðvelt þarf að vera að útfæra merkið í ólíkum litum.

Öllum er heimil þátttaka og skulu tillögur sendar í tölvupósti á netfangið lena@bbi.is eða í lokuðum umslögum merktum Blindrabókasafni Íslands, Nafnasamkeppni, Digranesvegi 5, 200 Kópavogi. Skilafrestur er til hádegis föstudaginn 6. nóvember.



HLUSTAÐ Blindrabókasafn Íslands leitar að nýju nafni og lógó.

Auk tillögunnar þarf að koma fram nafn, heimili og símanúmer höfundarins.



Elskulegi faðir minn, tengdafaðir og afi,
Hans Arreboe Clausen

Kársnesbraut 33, Kópavogi,

andaðist að morgni hinn 6. október.

Michael Clausen og afabörn.

Heiða Sigríður Davíðsdóttir



BORÐTENNISDEILD KOMIÐ Á FÓT Fyrr á afmælisárinu var stofnuð borðtennisdeild innan félagsins og er það nú eina íþróttafélagið sem býður upp á æfingar í öllum spaðaíþróttunum fjórum.

BADMINTONFÉLAG HAFNARFJARÐAR: ER FIMMTÍU ÁRA Í DAG

Á góðri siglingu þótt erfitt sé að keppa við boltaíþróttirnar

Badmintonfélag Hafnarfjarðar er fimmtíu ára í dag og af því tilefni stendur stjórn félagsins fyrir sögugöngu. Litið verður við á stöðum sem tengjast sögu félagsins en það var stofnað í Alþýðuhúsinu og fóru æfingar fyrstu árin meðal annars fram í íþróttasölum St. Jósefsspítala og Lækjarskóla. Á laugardaginn verður síðan efnt til afmælis- mótis í Íþróttahúsinu að Strandgötu auk þess sem afmælishóf verður haldið um kvöldið. Á sunnudag verður svo opinn kynningardagur þar sem þær greinar sem eru æfðar undir merkjum félagsins verða kynntar.

„Við stofnuðum borðtennisdeild í vor og býður Badmintonfélag Hafnarfjarðar nú eitt félagið upp á æfingar í öllum spaðaíþróttunum en þær eru badminton, tennis, skvass og borðtennis,“ segir Hörður Þorsteinsson, formaður félagsins til átján ára. En það er ekki það eina markverða sem hefur gerst á afmælisárinu. „Í tilefni af afmælinu héldum við Íslandsmeistaramót í mars og eigum bæði Íslandsmeistara í badminton og skvassi en badmintonkonan Erla Hafsteinsdótt-

ir hampaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum okkar í meistaraflokki.“

Félagið er því á góðri siglingu þótt Hörður segi mikla samkeppni ríkja um iðkendur. „Það er erfitt að keppa við boltaíþróttirnar sem er nær eingöngu fjallað um í fjölmiðlum og því eðlilegt að börnum og fullorðnum detti ekki í hug að byrja að æfa. Þetta gerir okkur sem viljum bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir erfitt fyrir og höfum við þurft að beita aðferðum eins og að gefa börnum í fjórða bekk badmintonspæða til að koma íþróttinni á framfæri.“

En vijkum aðeins að sögu þessa rógróna félags. Það var sem fyrr segir stofnað í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði og mættu 57 áhugasamir badmintoniðkendir á stofnfundinn. Árni Þorvaldsson, sem í framhaldinu var kosinn fyrsti formaður félagsins, sagði við það tækifæri: „...að nokkrir félagar hefðu hafði æfingar í badminton fyrir um það bil ári og þótt íþróttin svo ánægjuleg að sjálfsagt hefði þótt að gefa sem flestum tækifæri til að iðka hana.“ Ekki gekk þó þröutalaust að halda félaginu gangandi

fyrstu árin. Lítil sem engin aðstaða var í bænum sem leiddi til þess að félagið lá í dvala um skeið en með tilkomu Íþróttahússins við Strandgötu gjörbreyttust aðstaður.

Starf félagsins hefur verið í örvm vexti undanfarnin ár og eru félagsmenn nú rúmlega 250. Formenn þess hafa einungis verið sex frá upphafi og hefur Hörður, sem einnig er framkvæmdastjóri Gólf sambands Íslands, gegnt starfinu lengst. Hann hóf sinn badmintonferil árið 1972 og fór fljótlega að þjálfá. Hann færði sig svo yfir í skvassið en tók við formennsku félagsins árið 1991 þegar dætur hans byrjuðu að æfa. „Ég hef setið uppi með þetta síðan þótt börnin séu löngu hætt,“ segir hann og hlær. „Í dag leggjum við fyrst og fremst áherslu á barna- og unglíngastarf en erum líka með æfingar fyrir fullorðna enda bjóðum við upp á íþróttir sem henta öllum aldurshópum,“ segir Hörður og hvetur Hafnfirðinga og aðra áhugasama til að koma og kynna sér starfseminu á sunnudag.

vera@frettabladid.is

Gengið til minningar um Helga

Unglingar úr félagsmiðstöðvunum Buskanum og Þróttheimum í Voga- og Langholtshverfi standa fyrir minningargöngu um Helga Hóseasson í dag.

Safnast verður saman á horni Langholtsvegur og Skeiðavogs klukkan 19.30 og leggur gangan af stað klukkan 20.00. Gengið verður að gatnamótum Langholtsvegur og Holtavegar og

verður mínútuþögn við hornið þar sem Helgi stóð löngum og mótmælti. Að því loknu verður boðið upp á kaffi og kakó í félagsmiðstöðinni Þróttheimum við Holtaveg.

HELGI HÓSEASSON Unglingar í Voga- og Langholtshverfi standa fyrir minningargöngu um Helga í dag.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Ræðir heimsfaraldur inflúensu

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og Landlækniseimbætti standa fyrir hádegisfyrirlestri um heimsfaraldur inflúensu fimmtudaginn 8. október.

Fyrirlesari er Haraldur Briem, sóttvarnalæknir og formaður námsbrautar Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum.

Yfirskrift fyrirlestursins er: Heimsfaraldur inflúensu A (H1N1) 2009. Vöktun og viðbrögð. Haraldur mun ræða hvaða lærdóm megi draga af fortíðinni en heimsfaraldur inflúensu sem stafar af nýjum stofni inflúensuveirunnar hófst á þessu ári eftir

rúmlega fjörutíu ára hlé.

Einnig svarar hann því við hverju megi búast, hvernig Íslendingar hafi búið sig undir heimsfaraldurinn og hvernig verði brugðist við.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12 í Háttíðarsal Háskóla Íslands og stendur í klukkutíma.

Allir eru velkomnir.

HARALDUR BRIEM Heldur fyrirlestur um heimsfaraldur inflúensu í Háttíðarsal HÍ á fimmtudaginn.



†
Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
Markúsína Andrea Jóhannesdóttir
húsfreyja, Aflagranda 40, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí fimmtudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. október kl. 13.00.

Helga Bryndís Gunnarsdóttir	Baldur Ellertsson
Svala Karlsdóttir	
Jóhanna Andrea Guðmundsdóttir	Hjalti Jónsson
Jóhannes Baldursson	Guðrún Sigurðardóttir
Ásta Guðríður Guðmundsdóttir	
Ásta Björk Baldursdóttir	
Guðmundur Karl Guðmundsson	María Guðjónsdóttir
Andrea Baldursdóttir	Ragnar F. Ragnars
Ellert Baldursson	Unnur Helga Gunnarsdóttir

og barnabarnabörn.



Edda Hjaltsted

hjúkrunarfræðingur, Sóltúni 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 4. október.

Pétur Sveinbjarnarson
Grethe Hjaltsted

Fríðrik Örn Hjaltsted Valgerður Magnúsdóttir
Óli Rafn Jónsson Birna Ásbjörnsdóttir
Guðmundur Ármann Pétursson Eggert Pétursson
Malin Svenson



Ástkær faðir okkar,

Gunnar Hvammdal Sigurðsson

veðurfræðingur, er látinn.

Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir
Helga Gunnarsdóttir
Ásta Kristín Gunnarsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Stefáns Björnssonar

Lónabraut 25, Vopnafirði.

Katrín Valtýsdóttir

Svarar Valtýr Stefánsson	Ólafur Kristinn Sigmarsson
Aðalheiður Stefánsdóttir	
Svava Birna Stefánsdóttir	
Linda Björk Stefánsdóttir	Elmar Þór Viðarsson

barnabörn og langafabarn.



Ástkær sambyliskona mín og móðir,

Hugrún B. Þórarinsdóttir

Skarðsbraut 4, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 4. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Birgir S. Elínbergsson
Elisabet Jónatansdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Þórir Daniélsson

frá Bjargshóli, Miðfirði,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 30. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

Margrét Þórisdóttir Magnús Jónsson
Daníel Þórisson Ingibjörg Þorkeldsdóttir
Helgi Þórisson
Alexander Þórisson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Aðalheiður María Oddsdóttir

Espigrund 15, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju fimmtudaginn 8. október kl. 14.00.

Guðný Ársælsdóttir
Helga Jóna Ársælsdóttir
Sigríða Ársælsdóttir
og ömmubörn.

Þráinn Ólafsson
Björn Björnsson



Grétar Þór Brynjólfsson

bóndi, Skipalæk í Fellum,

lést mánudaginn 5. október. Úförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 10. október kl. 14.00. Jarðsett verður í Fellakirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnst hins látna eru beðnir að láta Sjúkrahúsið á Egilsstöðum njóta þess.

Þórunn Sigurðardóttir og fjölskylda.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sonja Jóhanna Kristjánsdóttir

Hrauntungu 99, Kópavogi,

andaðist á sjúkrahúsinu í Þórshöfn Færeyjum sunnudaginn 27. september. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 8. október kl. 15.00.

Svarar Benediktsson
Díana Jóhanna Svavarsdóttir
Guðmundur Þorkell Eyjólfsson
Sigrún Erla Gísladóttir
Þorvaldur Svavarsson
Kristján Jónas Svavarsson
Edda Dan Róbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Svanlaug Andersen

frá Sandprýði, Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin frá Landakirkju laugardaginn 10. október kl. 11.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför ástkærs föður míns og afa,

Jakobs Valdimarssonar

vélvirkja, frá Hraunsholti, Garðabæ.

Sigurlaug Jakobsdóttir og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Jón Gíslason

Fjólugötu 14, Akureyri,

lést sunnudaginn 4. október að Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 13. október kl 13.30.

Sveinn Heiðar Jónsson
Sigríður Jónsdóttir
Sæbjörg Jónsdóttir
Karl Jónsson
Erla Oddsdóttir
Stefán G. Jónsson
Jón Hlödver Áskelsson
Helga Krístrún Þórðardóttir
afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fösturfaðir tengdafaðir og afa,

Árni Þorkelsson

Sléttahrauni 29, Hafnarfirði,

lést mikudaginn 30. september sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 9. október kl. 13.00.

Kolbrún Jóhannsdóttir

Svava Árnadóttir	Þórunn Njálisdóttir
Örn Hrafnkelsson	Drífa Kristjánsdóttir
Haraldur Logi	Anton Ingibjartur Antonsson
Eva Dóra Kolbrúnardóttir	

og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



GLÆSILEGASTA FISKBORÐIÐ Í BÆNUM

Humarsúpa, fiskréttir, reyktur og grafin lax
humar, rishörpuskel, túnfiskur og rækjur.

Yfirmenn eldhúsa og mótuneyta ATH!

kynnið ykkur mótuneytisþjónustu HAFBERGS,
ÞAÐ MARG BORGAR SIG. Kynntu þér málið í
síma 820-3413 Geir og 588-8686 Svala

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS
Kjúklingur

Læri, leggir
vængir

**Bónus ferskir blandaðir
kjúklingabitar**
398.-

BÓNUS BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR 398 KR.KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar
verða frá og með næstu helgi alla laugardaga
í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

Sértilboð á bílauglýsingum – aðeins 3.490 kr,
texti og mynd.


Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið
póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Bíladagar – markaðstorg með bíla



NOKKUR ORÐ
Anna Margrét
Björnsson



Ljósbleikt og leiðinlegt

Þegar ég var lítill átti ég bleikt svefnherbergi. Ég átti líka bleikt dúkkuhús og lék mér með fjólubláa smáhesta úr plasti. Svo varð ég eldri og óx upp úr bleika fasanum. En stundum finnst mér eins og einhverjir markaðsgúrúar þarna úti haldi að bleiki fasinn sé ævilangur hjá okkur af mjúka kyninu. Samkvæmt þeim eigum við stúlkur einungis að hafa áhuga á naglalakki, barneignum, brjóstagjöf og megrunarráðum. Greina-skrif með kynlífsráðum þegar við fáum ekkert út úr kynlífi eða bækur alsettar bleikum hjörtum sem segja okkur að „Hann sé ekki nógu skotinn í okkur“. Svo eru það fréttirnar af stjórnum sem við konur höfum augljóslega svakalega mikinn áhuga á. Og myndir af þeim sem sjást úti á götu með bakfitu en brosa samt í gegnum tárin. Tímarit og vefir eru

alsettir blómum og fiðrildum. Hvernig eigum við að stílísera stofuna og hvernig eigum við að losa okkur við appelsínuhúð? Guð forði líka stúlkum frá því að hafa áhuga á annarri tónlist en Katie Melhua og að sitja fyrir framan tölvuskjá sveittar yfir Eve Online. (Stelpur nefnilega hafa ekkert gaman af rokki eða tölvuleikjum). Ég komst að því að ég hlýti að vera stór-undarleg kona af því að ég segi ekki „gútsígútsígú“ framan í smábörn sem ég þekki ekki né sýni áhuga á brjóstagjöf annarra kvenna. Ef við viljum eitthvað aðeins meira spennandi að lesa en „Missti fimmtíu kíló á mánuði“ þá erum við örugglega annaðhvort hundleiðinlegir menningarvitar eða femínistar. Guð almáttugur forði okkur frá því. Fyrir okkur, þessar augljósu „jaðarkonur“ sem eru ekkert af fyrrnefndum staðalmyndum þá er ekkert eftir nema bara að sökkva sér niður í næsta hressa karlablað.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 7. október

→ Tónleikar



12.10 Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson verða með tónleika í **Guðríðarkirkju** við Kirkjustétt 8 í Grafarholti. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. Tónleikarnir eru hluti af hamingju-hádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur.

12.30 Hanna Dóra Sturludóttir sópran og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanóleikari flytja íslensk og erlend verk eftir Mendelssohn, Brahms, Atla Heimi Sveinsson o.fl. á hádegistónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

21.00 Olívía Pedrolí (Lole) verður með tónleika á **Kaffibarnum** við Bergstaðastræti. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Hljómsveitin **Melchior** heldur tónleika á **Café Rósenberg** við Klapparstíg. Sérstakur gestur verður Helga Möller.

21.00 Kvartett **Sigurður Flosasonar** verður með útgáfutónleika í jazzkjallaranum á **Cafe Cultura** við Hverfisgötu 18.

22.00 Hljómsveitin **Noise** heldur útgáfutónleika á **Sódomu Reykjavík** við Tryggvagötu. Einnig kemur fram **Ten Steps Away**. Húsið verður opnað kl. 21.30. Enginn aðgangseyrir.

→ Írsk menningarhátíð

Írsk menningarhátíð í **Kópavogi** stendur til 11. október. Nánari upplýsingar á www.kopavogur.is.


20.00 í **Gerðarsafni við Hamraborg** í Kópavogi verður boðið upp á ljóðakvöld. **Karl Guðmundsson** les þýðingar sínar á ljóðum Seamus Heaney auk þess sem írsku skáldin **Caitriona O'Reilly** og **Pat Borna** lesa úr verkum sínum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

→ Sýningar

Þorbjörg Þórðardóttir og **Þórður Hall** hafa opnað sýningu í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Sýningin samanstendur af listvefnaði og málverkum og er opin alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

→ Síðustu forvöð

Í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5), hefur **Ólöf Erla Einarsdóttir** opnað ævintýrlega ljósmyndasýningu sem hún nefnir „Sögur án orða“. Sýningu lýkur sunnudaginn 11. október virka daga frá kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.



Í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu 12, hefur verið opnað samsýning fimm listamanna sem samanstendur af nýjum verkum sem unnin eru í ýmsa miðla. Sýningu lýkur á laugardag og er opin mið-lau. kl. 12-17.

→ Námskeið

20.15 **Ingunn Ásdísardóttir** þjóðfræðingur verður með námskeið um Völuspá hjá **Endurmenntun HÍ** að Dunhaga 7. Nánari upplýsingar og skráning hjá www.endurmenntun.is.

→ Kvikmyndir

Kvikmyndasafn Íslands og **Sendiráð Japans** á Íslandi bjóða upp á japanska kvikmyndaviku 6.-10. október. Sýningar fara fram í **Bæjarbíói** við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Sýnd verður kvikmynd leikstjórans **Takeshi Kitano**, „Yfirgangsseggir“ (Kizzu ritán) frá árinu 1996.

→ Handverksskaffi

Í **Gerðubergi** (Gerðuberg 3-5) verður boðið upp á handverksskaffi kl. 20-22. Í kvöld mun **Darren Foremann** kynna Henna húðskreytilist. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

→ Bækur

17.30 **Baldur Hafstað** fjallar um **Stephan G. Stephansson** skáld í Bókasafninu á Seltjarnarnesi við Eiðistorg. Þar hefur verið opnað lítil sýning en Stephan er skáld októbermánaðar á safninu. Allir velkomnir.

→ Fyrirlestrar

12.00 **Auður Styrkarsdóttir** flytur erindi um verkefnið „Kyn og völd“ í **Háskólanum á Akureyri, Sólborg (L201)** við Norðurslóð. Nánari upplýsingar á www.unak.is.

12.30 **Ragnar Baldursson** flytur erindið „Upprísá drekans“ hjá **HÍ**. Fyrirlesturinn fer fram í Lögbergi (st. 201) við Sæmundargötu 8. Fyrirlesturinn er öllum opin. Nánari upplýsingar á www.hi.is.



115 SCA1L Frostlögur, Comma 1ltr. **776 kr.**



526 4965050 Lásalía með tefloni 25 ml **466 kr.**



948 3013492 Ísvari fyrir bensín 0,5 ltr. **725 kr.**



581 50500 Banner rafgeymir **23.750 kr.**



A99 815705 Olíuhreinsir N1 5 ltr. **2.565 kr.**



034 641918 Pera H4 12v 60/55w Halogen **995 kr.**



034 64150 Pera H1 12v 55w Halogen P14 **455 kr.**



FILON/SIA

708 TOG10M Dráttartóg 10 m, þvermál 24 mm **9.159 kr.**

115 XSR1L Frostlögur, rauður glystantin Comma G30 1ltr. **1.375 kr.**



115 SXG1L Frostlögur, grænn glystantin Comma G48 1ltr. **1.155 kr.**



015 ST91250EN Rakaeyðir fyrir bensín **1.290 kr.**



350 3397118560 og 380 160818 BOSCH og Cargo rúðupurrkur **Mikið úrval**



Vertu klár fyrir veturinn



580 570413063 Varta rafgeymir **21.900 kr.**

A99 8200263 Rúðuvökvi 5 ltr. þolir -18° **1.210 kr.**



A99 8200225 Rúðuvökvi 2,5 ltr. þolir -18° **735 kr.**



526 4960044 Startspray **1.285 kr.**



526 4970247 Silikonstift 50 ml þéttkantaáburður **790 kr.**



092 6962 Rúðuskafa, cosy grip **465 kr.**



034 64151 Pera H3 12v 55w Halogen **495 kr.**

023 81971699 Tjöruhreinsir 1ltr. **599 kr.**



034 64210 Pera H7 12v 55w **1.135 kr.**



290 8124 Bensínbrúsi, 20 ltr. **8.995 kr.**

A99 81581 Dekkjahreinsir 1ltr. **795 kr.**



664 210 215 Viðgerðarsett **11.890 kr.**



092 6779 Rúðuskafa með bursta og koparblaði **1.083 kr.**

092 6455 Rúðuskafa með plastblaði **870 kr.**



N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS
Sími 440 1000

Meira í leiðinni

NÝTT Í BIÓ LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FUNNY PEOPLE ATH: 650 kr.

BIONICLE GODSÖGNIN SNYR AFTUR

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM

the ugly truth

SYNINGARTÍMAR

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 3.30, 6 og 9	16
FUNNY PEOPLE	kl. 7 og 10	12
BIONICLE - íslenskt tal	kl. 4 (650 kr.)	L
THE UGLY TRUTH	kl. 4, 6, 8 og 10	12

BRUCE WILLIS

SURROGATES

BRUCE WILLIS ER MÆTTUR Í HÖRKUSPEN-
NANDI MYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF.

ALGJÖR SVEPPI

STÓRLEIKARIN FÜR ALLA FÖLSÖM

★★★★★ - S.V. MBL

FUNNY PEOPLE

HAUNTING

DISTRICT 9

SÁMSTUNDU ALFABAKKA		SÁMSTUNDU KRINGLUNNI	
SURROGATES	kl. 6 - 8D - 10:10D	SURROGATES	kl. 6 - 8:20D - 10:30D
SURROGATES	kl. 5 - 8 - 10:10	ALGJÖR SVEPPI	kl. 6D
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6D	KRAFTUR SIDASTI SPRETTURINN	kl. 8:10D - 9:20D
FUNNY PEOPLE	kl. 5 - 8 - 10:50	DISTRICT 9	kl. 8:10 - 10:30
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 8 - 10:20	FINAL DESTINATION 4	kl. 10:30(3D) síðasta sinn
DISTRICT 9	kl. 8 - 10:20	UPP M/Ísl. Tali	kl. 6(3D)
BANDSLAM	kl. 5:30	AKUREYRI	
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:50 síðasta sinn	ALGJÖR SVEPPI OG LETTIN AD VILLA	kl. 6
UPP M/Ísl. Tali	kl. 5:50	SURROGATES	kl. 8
HARRY POTTER	kl. 8 síðasta sinn	UPP M/Ísl. Tali	kl. 6
		FUNNY PEOPLE	kl. 8

[HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR](http://facebook.com/biomyndir)

NÝTT Í BIÓ!

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM

★★★★★ - VJV, FBI

GUD BLESSI ÍSLAND

FRÉTTIR MEÐ FÖLSÖM DAGUR SEM ER LÖNDUR

Jennifer's Body

the ugly truth

Antichrist

ÓTEXTUÐ

ATH: ALLS EKKI FYRIR VIKKVÆMA

BIONICLE GODSÖGNIN SNYR AFTUR

HÖLD 3 47.000 MANNS!

SMÁRRA BIÓ Sími 564 0000		HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919	
GUD BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45 - 8 - 10:15	GUD BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45 - 8 - 10:15
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.20 - 8 - 10:40	STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 6 - 9
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.20 - 8 - 10:40	THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10:15
JENIFER'S BODY	kl. 5.40 - 8	ANTICHRIST	kl. 5.40 - 8 - 10:20
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 10:15		
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 4		
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8		
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45		

BORGAR BIÓ Sími 462 3500		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.45 - 8 - 10:15	STÚLKAN SEM LÉK SÉR AD ELDINUM	kl. 5.50 - 8:30 - 11
JENIFER'S BODY	kl. 10	JENIFER'S BODY	kl. 5.40 - 8 - 10:20
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 5.45	THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10:15
THE UGLY TRUTH	kl. 8	BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5.45 - 8 - 10:20

Wahlberg í mynd Baltasars

Baltasar Kormákur gengur um á bleiku skýi eftir að gengið var frá því að hann mun leikstýra Mark Wahlberg í endurgerð Reykjavík-Rotterdam. Gerð myndarinnar mun kosta um fjóra milljarða íslenskra króna.



STÓRLEIKARI Í MYND BALTASARS Stórstjarnan Mark Wahlberg hefur samþykkt að leika aðalhlutverkið í Hollywood-endurgerð af Reykjavík-Rotterdam. Baltasar Kormákur mun leikstýra myndinni.

Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið í endurgerð íslensku kvikmyndarinnar Reykjavík-Rotterdam. Baltasar Kormákur, sem lék einmitt persónu Wahlberg í íslensku útgáfunni, leikstýrir myndinni en það er hið virta framleiðslufyrirtæki Working Title sem tryggði sér endurgerðarréttinn eftir harða baráttu við Dreamworks.

Ef allt fer að óskum hefjast tökum strax næsta vor en áætlað er að þær fari fram við Mississippi-fljótið í New Orleans. Áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er 35 til 40 milljónir dollara, eða rúmlega fjórir milljarðar íslenskra króna. Myndin segir frá fyrrum smyglara á siglingaleiðinni milli New Orleans og borgar í Suður-Ameríku sem freistast til að taka að sér eitt verkefni til viðbótar.

Baltasar var að vonum ánægður með að þetta skyldi vera í höfn þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Samningaviðræður hafa staðið yfir um langa hröð og Baltasar hefur verið með annan fótinn í Bandaríkjunum, þurfti meðal annars að gefa það frá sér að vera leiðsögumaður Milos Forman á kvikmyndahátíðinni RIFF vegna málsins. Hann var sérstaklega ánægður með að hafa náð Wahlberg um borð. „Enda erum við svona tvíburabræður hvað líkamsvöxt varðar,” grínast Baltasar með. „Nei, nei, hann á einhverja skuggalega fortíð, hefur setið í fangelsi en er samt svona „goodí“ gæi, þessi persóna liggur því vel fyrir honum,” segir Baltasar en annar og engu síðri stórlaikari, Russell Crowe, hafði einnig mikinn áhuga á hlutverkinu.

Baltasar segist hafa valið Working Title vegna þess að hann hafi alltaf horft til fyrirtækisins og litið upp til þess. Framleiðslufyrirtæki hans, Blue Eyes, hafi til að mynda haft stefnu þeirra sem fyrirmynd; að búa til vandaðar kvikmyndir fyrir almenning. Of langt mál færi í að telja upp hvaða myndir Working Title er ábyrgt fyrir, þeir hafa verið með Coen-bræður innan sinna vébanda og Frost/Nixon var framleidd innan veggja fyrirtækisins.

HELSTU MYNDIR WAHLBERGS

- The Basketball Diaries (1995)
- Boogie Nights (1997)
- Three Kings (1999)
- The Departed (2006)
- The Lovely Bones (2009)

Baltasar skoðaði aðstæður í Mississippi sem verður þá hálfgerð Reykjavík en leikstjórnin reiknar með að land í Suður-Ameríku verði fyrir valinu sem Rotter-

dam. Baltasar hefur þónokkur járn í eldinum, er að leikstýra Gerpu fyrir Þjóðleikhúsið og svo er það stóra verkefnið, víkingamyndin Vikingur, sem bíður handan hornsins. Ekki má gleyma Grafarþögn, sjálfstæðu framhaldi af Mýrinni. „Ef þessar tvær myndir [Vikingur og Reykjavík-Rotterdam] rekast á þá er það bara lúxusvandamál og það verkefni sem er lengra komið verður fyrir valinu,” segir Baltasar og bætir því við að ef endurgerð Reykjavík-Rotterdam gangi vel verði allt auðvitað miklu auðveldara fyrir víkingana.

Málið vakti töluverða athygli meðal kvikmyndaáhugamanna en helst fréttaveiturnar greindu frá málinu, svo sem Empire, Reuters, Variety, MovieWeb og Hollywood Reporter. frejrgija@frettabladid.is

ÓDÝRT ALLA DAGA!

Fjórir hamborgarar

498 kr. pk.

4 hamborgarar og 4 brauð

alltaf í leiðinni!

EXPO - www.expo.is

TOYO TIRES

www.toyo.is



**BURT MED
NAGLANA**

TOYO HARÐSKELJADEKK

MEIRA GRIP ÁN NAGLA

UMHVERFISVÆN, ENDINGARGÓÐ, HLJÓÐLÁT

TOYO harðskeljadekk fást í Bílabúð Benna (Vagnhöfða 23, S: 590 2000)
Nesdekk (Fiskislóð 30, Reykjavík S: 561 4110)
Nesdekk (Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ S: 420 3333)
og hjá öllum betri dekkjaverkstæðum



NESDEKK

REYKJALÓÐ 3 - REYKJAVÍK

NJARÐARBRAUT 9 - REYKJANESBÆ

**Bílabúð
Benna**

www.benni.is

> Rafn Andri til Vejle á reynslu

Rafn Andri Haraldsson, leikmaður Próttar, fer um helgina til Danmerkur þar sem hann verður til reynslu hjá B-deildarliðinu Vejle í eina viku. Samningur Rafns Andra við Prótt rennur út um næstu áramót og því verður honum frjálst að ræða við önnur lið frá og með 15. október næstkomandi. „Ég heyrði eitthvað af áhuga Vejle í sumar en það varð ekkert meira úr því þá. Þeir höfðu svo samband aftur um daginn,” sagði Rafn Andri í samtali við Vísi. Rafn Andri hefur verið orðaður við önnur lið hér á Íslandi og þá helst Fylki. „Ég hef ekkert rætt við önnur íslensk lið og er bara að hugsa um að standa mig vel hjá Vejle þessa stundina.“



sport
sport@frettabladid.is

HELGI SIGURÐSSON: HÆTTUR HJÁ VAL OG Á Í VIÐRÆÐUM VIÐ ÖNNUR LIÐ

Var ekki orðinn of gamall fyrir Val

Helgi Sigurðsson og knattspyrnudeild Vals komust að samkomulagi um starfslok Helga í fyrrakvöld. Helgi er því á leið í annað lið en hann hefur bæði átt í viðræðum við Víking, KR sem og önnur lið í efstu deild karla.

„Ég settist niður með Valsmönnum og við ræddum um tímabilið í sumar sem og framtíðina. Það var sameiginleg niðurstaða að leyfa mér að róa á önnur mið,” sagði Helgi í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þetta gerðist ekki vegna þess að það er verið að yngja upp í Val eins og menn gætu haldið. Það er fjarrí lag.“

Helgi segir að hann þurfi á nýrri áskorun að halda. „Það er oft sem eldri leikmenn eins og ég þurfa á nýrri áskorun að halda til að halda sér á tánunum,” sagði hann í léttum dúr. „En ég er mjög ánægður með árin mín þrjú hjá Val. Mér finnst að ég hafi gefið mikið af mér til félagsins og það hafi að sama skapi gert mikið fyrir mig. Okkar samskipti hafa alla tíð verið góð og ég met það mikils að okkar samstarfi lauk farsællaga og án þess að einhver læti yrðu.“ Helgi varð Íslandsmeistari með Val árið 2007 og svo

kjörinn besti leikmaður tímabilsins af leikmönnum deildarinnar. „Þetta byrjaði mjög vel þegar við urðum meistarar. Svo áttum við miðlungsár í fyrri og svo hörmungarár í sumar. Ég hef því prófað alla þessa flóru með Val. Mér finnst þó að ég hafi staðið mig nokkuð vel og skorað mín mörk sem ég var fenginn til að gera. Ég hef líka kynnst mörgu góðu fólki og það var erfitt að kveðja Val.“

Helgi hefur helst verið orðaður við sitt uppeldisfélag, Víking. „Ég hef rætt við Víking og líst vel á það sem þeir hafa að bjóða. Ég myndi ekki vilja fara til annarra félaga í 1. deildinni en ég hef rætt við lið í efstu deild líka,” sagði Helgi og staðfesti að eitt þeirra sé KR.

„Þetta verður allt að fá að hafa sinn gang. Ég ætla mér ekki að draga lappirnar í þessu máli og vil fá niðurstöðu fyrir helgi. Ég hef mikinn metnað fyrir næsta tímabili hvar sem ég mun spila.“



N1-deild karla hefst í Garðabænum í kvöld: Mætum brjálaðir til leiks

HANDBOLTI Keppni í N1-deild karla hefst í kvöld þegar Stjarnan tekur á móti Haukum í Mýrinni í Garðabæ. Leikurinn hefst klukkan 19.30.

Haukar eru núverandi Íslandsmeistarar og er því spáð að þeir munu verja titilinn sinn. Stjörnömnum var hins vegar spáð falli. „Það á eftir að koma í ljós hvar við stöndum nákvæmlega en við höfum bæði átt góða og slæma leiki á undirbúningstímabilinu,” sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar. „En það er mjög góður andi í liðinu

enda er leikmannahópurinn að 95 prósentu hluta skipaður Stjörnustrákum sem eru með hjartað á réttum stað. Við mætum alveg brjálaðir til leiks.“

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, líst vel á að mæta Stjörnunnni. „Við höfum átt í vandræðum með meirslu í okkar leikmannahópi á undirbúningstímabilinu og margir hjá okkur eru nú í nýju hlutverki, bæði í vörn og sókn. Fyrstu leikir tímabilsins eru alltaf erfiðir og ég býst við því að við þurfum að hafa mikið fyrir sigri í þessum leik,” sagði Aron. - e.sá

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus ferskur heill kjúklingur

498.-

BÓNUS HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR 498 KR.KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

Ætlum okkur klárlega áfram

Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, er vongóður fyrir seinni leik Vals gegn ítalska liðinu Torres í Meistaradeild UEFA kvenna. Valur tapaði fyrri leiknum 4-1.

FÓTBOLTI Nýkrýndir Íslands- og bikarmeistarar Vals mæta ítölsku bikarmeistarunum í Torres í seinni leik liðanna í Meistaradeild UEFA kvenna á Vodafonevöllinum í dag en leikurinn hefst kl. 15.30. Valsstúlkur töpuðu fyrri leiknum 4-1 í Sassari á Sardiníu og þurfa því að skora í það minnsta þrjú mörk til þess að komast áfram í næstu umferð.

Íslenskar aðstæður

Vodafonevöllurinn var reyndar þakinn snjó í gær en starfsmenn Vals og í raun allir sem vettlingi gátu valdið sáu um að ryðja völinn í gær og gera hann kláran fyrir leikinn í dag.

Þjálfarinn Freyr Alexandersson hjá Val er hvergi banginn fyrir leikinn og kvartar ekki undan vallaraðstæðum. Þvert á móti er hann bara nokkuð kátur með snjóinn.

„Leikmenn Torres voru að æfa á vellinum í dag og mér finnst bara fint að það hafi snjóað. Ég er alveg í skýjunum með þetta í rauninni því þetta eru aðstæður sem þær ítölsku þola pottþétt verr en við. Ég vona líka að það verði kuldi þegar leikurinn fer fram en ég nenni ekki að lenda í einhverju roki. Það gagnast nú engum,” segir Freyr.

Valur þarf að vinna upp forskotið sem Torres hefur eftir 4-1 sigur í fyrri leiknum og Freyr er sannfærður um að Valsstúlkur mæti tilbúnar til leiks. Hann trúir heldur ekki öðru en að lið sitt nái að verjast föstum leikatriðum betur en í fyrri leiknum en öll mörk Torres komu þá eftir föst leikatriði.

„Stelpurnar eru klárar í leikinn og við ætlum okkur klárlega áfram. Það gefur okkur móralskt mjög góða strauma að hafa unnið VISA-bikarinn um helgina og gefur okkur kraft. Við vitum að



TEKIÐ TIL HENDINN Starfsmenn Vals byrjuðu að ryðja Vodafonevöllinn klukkan tíu í gærmorgun og voru að ljúka verkinu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Það ætti því allt að vera klárt fyrir leik Vals og Torres í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við þurfum að gera mun betur í föstum leikatriðum gegn Torres og þær eru með þrjú leikmenn sem við þurfum að passa sérstaklega í aukaspyrnum og hornspyrnum. En ég hef engar áhyggjur af því að við gerum það ekki því við erum með blóð á tönnum eftir fyrri leikinn. Við tókum annars léttu æfingu í gær og stelpurnar

fóru svo í nudd og það er vissulega smá þreyta í mannskapnum en þær eru allar klárar í slaginn í þennan leik og þreyta mun ekki hindra okkur. Við þurfum að gefa okkur hundrað prósent í þetta verkefni og þær vita alveg að þær geta bara verið þreyttar í nokkra daga eftir leikinn,” segir Freyr að lokum. omar@frettabladid.is

GOSSIP GIRL

NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST Í KVÖLD KL. 20:10

NTC

STÖÐ 2 TIL 5. FEBRÚAR
Á ADEINS 6.690 KR. Á MÁNUÐI
OG ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2 BIÓ OG
STÖÐ 2 EXTRA FRÍTT MED

skemmtilegri

VILÐARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12 AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANNS 800 7000



OSBOURNE í leik með Aston Villa á undirbúningstímabilinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Enska úrvalsdeildin:

Tveir leikmenn handteknir

FÓTBOLTI Tveir ungir enskir knattspyrnumenn hafa verið handteknir síðustu tvo daga, annar þeirra á æfingu með Aston Villa. Isaiah Osbourne, leikmaður Villa, var handtekinn á æfingu liðsins í dag grunaður um að hafa átt þátt í því að skipuleggja rán. Osbourne er 21 árs gamall og á að baki fjölmarga leiki með félaginu. Hann lék til að mynda með Aston Villa þegar liðið mætti FH í UEFA-bikarkeppninni í fyrri. Hinn knattspyrnumaðurinn sem var handtekinn heitir Jose Baxter og er sautján ára leikmaður hjá Everton. Baxter var handtekinn í gær ásamt tveimur öðrum mönnum þegar lögregla stöðvaði bifreið sem þeir voru í. Í bílnum fannst kannabis og falsaðir peningaseðlar. Öllum hefur verið sleppt úr lögregluhaldi en móðir leikmannsins hefur sagt í samtali við enska fjölmiðla að sonur sinn sé alsaklaus í þessu máli. - esá

Hart tekist á í Mýrinni

Valur vann Stjörnuna 17-18 í miklum baráttuleik í fyrstu umferð N1-deildar kvenna í gærkvöldi. Grimmur varnarleikur og góð markvarsla var í fyrirrúmi.

HANDBOLTI „Ég er gríðarlega ánægður með að fara hédan með sigur þar sem þetta var hörkuleikur. Þessi lið þekkjast náttúrulega mjög vel og þess utan var leyfð mikil harka og við vorum heppin með að fá svona gott dómaraþar [Anton Gyfa Pálsson og Hlyn Leifsson] sem skilur út á hvað leikurinn gengur og mér fannst þetta frábær skemmtun,“ sagði Stefán Arnarsson, þjálfari Vals, í viðtali við Fréttablaðið eftir 17-18 sigur Vals gegn Íslands- og bikarmeisturum Stjörnunnar en leikurinn fór fram í Mýrinni í Garðabæ.

Fyrri hálfleikur einkenndist af sterkum varnarleik beggja liða og markverðirnir Florentina Stanciu hjá Stjörnunni og Berglind Íris Hansdóttir hjá Val létu mikið til sín taka. Talsvert var um feila og tapaða bolta hjá báðum liðum og sóknarleikurinn var fremur stíður á löngum köflum í fyrri hálfleiknum enda var tiltölulega lítið skorað en staðan var jöfn, 10-10, í hálfleik. Það er skemmt að segja frá því að seinni hálfleikurinn var æsispennandi frá upphafi til enda þar sem liðin skiptust á að taka forystuna.

Stjörnustúlkur virtust vera með þetta í hendi sér snemma í seinni hálfleik þegar þær skoruðu þrjú mörk í röð og komust í 14-12 en Valsstúlkur voru ekki á því að gefast upp. Gestirnir náðu að klóra sig aftur inn í leikinn með grimmri framliggjandi vörn og Berglind Íris var frábær fyrir aftan hana. Staðan var jöfn 16-16 þegar fimm mínútur lifðu leiks og mikil spennan í loftinu eftir fimm-tíu og fimm mínútna bardaga.



GRIMMUR VARNARLEIKUR Það var hart tekist á í leik Stjörnunnar og Vals í fyrstu umferð N1-deildar kvenna í gærkvöldi. Hér fær Stjörnustúlkan Þorgerður Anna Atladóttir óblíðar móttökur frá Valsstúlkunum Kristínu Guðmundsdóttur og Írisi Ástu Pétursdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsstúlkur náðu þá að skora tvö mörk á skömmum tíma en Stjörnustúlkur svöruðu að bragði og minnkuðu muninn niður í eitt mark og fengu svo tækifæri til þess að jafna með síðustu sókn leiksins en þá tók Berglind Íris sig til og varði frá Þorgerði Önnu Atladóttur en það var tuttugasta varða skot landsliðsmarkvarðarins í leiknum. Niðurstaðan varð sem segir 17-18 sigur Vals.

Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, var eðlilega svekktur með að tapa leiknum.

„Það er fínt að fá ekki á sig nema átján mörk en að skora bara sautján er náttúrulega skandall,“ sagði Atli.

Þrátt fyrir lítið skor var leikurinn skemmtilegur og gefur sterkar vísbendingar um þá hörðu baráttu sem mun verða í toppbaráttunni í vetur. omar@frettabladid.is

ÚRSLIT

N1-deild kvenna

Stjarnan-Valur 17-18 (10-10)
Mörk Stjörnunnar (skot): Elisabet Gunnarsdóttir 4 (5), Harpa Sif Eyjólfssdóttir 4 (10), Alina Famasan 4/3 (12/4), Aðalheiður Hreinsdóttir 3 (6), Þórhildur Gunnarsdóttir 1 (1), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (5).
Varin skot: Florentina Stanciu 13/1 (18/3)
Hraðaupplaupt: 3 (Harpa Sif, Elisabet, Þórhildur)
Fiskuð viti: 4 (Elisabet 2, Þorgerður Anna, Jóna)
Útan vallar: 4 mínútur
Mörk Vals (skot): Hrafnhildur Skúladóttir 7/2 (15/3), Íris Ásta Pétursdóttir 3 (7), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (8), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (1), Katrín Andrésdóttir 1 (2), Kristín Guðmundsdóttir 1 (2), Rebekka Skúladóttir 1 (4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (4)
Varin Skot: Berglind Íris Hansdóttir 20/1 (17/3), Sunneva Einarsdóttir 0 (1/1)
Hraðaupplaupt: 2 (Rebekka, Íris Ásta)
Fiskuð viti: 3 (Ágústa Edda, Katrín, Anna Úrsúla)
Útan vallar: 4 mínútur
 KA/Þór-Fram 24-29
 Fylkir-Haukar 23-25
 Víkingur-HK 21-28

Birtir til hjá Portsmouth:

Leikmenn fengu borgað

FÓTBOLTI Portsmouth tilkynnti í gær að félagið hefði borgað leikmönnum laun fyrir septembermánuð.

Í fyrrakvöld var hins vegar greint frá því að Sulaiman Al Fahim hafi selt 90 prósentu hlut félagsins til viðskiptajöfurs frá Sádi-Arabíu.

Al Fahim keypti Portsmouth í ágúst síðastliðnum en tókst ekki að útvega það fjármagn sem þurfti til að reka félagið.

Nú er það Ali Al-Faraj sem á langstærsta hluta félagsins og hann gerði það að sínu fyrsta verki að borga leikmönnum van-goldin laun. - esá

Timbursala BYKO Breidd

PRÚTT SALA

miðvikudag, fimmtudag, föstudag og laugardag

Prúttisala á girðingaeiningum, húsgögnum, blómapottum og brúm í timbursölu BYKO Breidd.

Komdu og gerðu frábær kaup

Allt á að seljast



EXPO - www.expo.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Ástríður

Tangónámskeið getur lífgað upp á ástarsambandið. Verst hvað Ástríður er lengi að tileinka sér réttar hreyfingar. Þarf Sveinn Torfi að finna sér nýjan dansfélaga? Ástríður er rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármála-fyrirtæki korteri fyrir hrun, þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástarlífsins. Með aðalhlutverk fer Illmur Kristjánsdóttir.



VIÐ MÆLUM MED 60+

INN KL. 21.00

INN sýnir á miðvikudögum 60+, nýja þætti á ljúfum nótum um alna ungl- inga. Guðmunda Elíasdóttir leikkona er sérstakur gestur þáttarins í kvöld og mun m.a. segja frá minnisstæðum atvikum á ferli sínum. Umsjónarmenn þáttarins eru sr. Bernharð Guð- mundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunúttvarp hefst	14.03 Tónleikur
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
07.05 Vít og breitt	15.25 Seiður og hélog
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.10 Víðsjá
08.11 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Trío	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Ástarsögur af rithöfundum
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Út um græna grundu
12.02 Hádegisúttvarp	22.12 Orð kvöldins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Bak við stjórnurnar
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Krossgötur
13.00 Orð skulu standa	00.00 Nætturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

EXTRA

16.30 **Doctors** (14:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífnu.

17.00 **Doctors** (15:26)

17.30 **Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

18.15 **Seinfeld** (3:24) Við fyljumst nú með Íslandsvininum Seinfeld frá upphafi.

18.45 **Doctors** (14:26)

19.15 **Doctors** (15:26)

19.45 **Gilmore Girls**

20.30 **Seinfeld** (3:24)

21.00 **Fréttir Stöðvar 2**

21.25 **Ísland í dag**

►21.45 **Eldsnögg með Jóa Fel** (1:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknun og bakarameistararnum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.

22.15 **Chuck** (5:22) Chuck Bartowski lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

23.00 **Burn Notice** (5:16) Njósnaarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og afhverju.

23.45 **Fangavaktin** (2:8)

00.15 **Fréttir Stöðvar 2**

01.15 **Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

12.25 **Lead Balloon** 12.55 **Only Fools and Horses** 13.25 **Absolutely Fabulous** 13.55 **The Weakest Link** 14.40 **The Black Adder** 15.15 **Lead Balloon** 15.45 **Only Fools and Horses** 16.15 **Absolutely Fabulous** 16.45 **EastEnders** 17.15 **The Weakest Link** 18.00 **Lead Balloon** 18.30 **Coupling** 19.00 **Gavin And Stacey** 19.30 **Absolutely Fabulous** 20.00 **Judge John Deed** 20.50 **Lead Balloon** 21.20 **Coupling** 21.50 **Absolutely Fabulous** 22.20 **EastEnders** 22.50 **The Weakest Link** 23.35 **Judge John Deed**

DR 1

12.00 **Landsbyhospitalet** 12.50 **Nyheder** þá tegnsprog 13.00 **DR Update** - nyheder og vejr 13.10 **Boogie Mix** 14.00 **Pigerne Mod Drengene** 14.30 **Braceface** 14.50 **Højspændingsmanden** og **Robotdrengene** 15.00 **ICarly** 15.20 **Den lyserode panter** 15.30 **PLING BING** 16.00 **Aftenshowet** 16.30 **TV Avisen med Sport** 17.00 **Aftenshowet med Vejret** 17.30 **Hvad er det værd?** 18.00 **DR1 Dokumentaren - Marenidt bag tremmer** 19.00 **TV Avisen** 19.25 **Penge** 19.50 **SportNyt** 20.00 **Taggart** 21.10 **Onsdags Løtto** 21.15 **OBS** 21.20 **Danskere i krig** 21.50 **Backstage** 22.20 **Seinfeld**

NRK1

12.00 **NRK nyheter** 12.05 **Naboer** 12.30 **Andre avenyen** 13.00 **NRK nyheter** 13.10 **Jessica Fletcher** 14.00 **NRK nyheter** 14.10 **Dynastiet** 15.00 **NRK nyheter** 15.10 **Oddasat** - nyheter på samisk 15.25 **Doktor Asa** 15.55 **Nyheter** þá tegnspråk 16.00 **Olivia** 16.10 **Ugler i mosen** 16.30 **Plipp, Plopp og Plomma** 16.40 **Distriktsnyheter** 17.00 **Dagsreivyn** 17.30 **Forbrukerinspektorene** 17.55 **Folk**, Ikke bare **Mossa** 18.25 **Redaksjon EN** 18.55 **Distriktsnyheter** 19.00 **Dagsreivyn** 21 **19.40 Vikinglotto** 19.45 **House** 20.30 **„Oh my God“** 21.00 **Kveldssnytt** 21.15 **Lydverket** 21.45 **True Blood** 22.40 **Skavian** 23.40 **Du skal hore mye jukebok**

SVT 1

12.35 **Äret** 14.00 **Rapport** 14.05 **Gomorrón Sverige** 15.00 **Hannah Montana** 15.25 **Älskade, hatade fört** 15.55 **Sportnytt** 16.00 **Rapport** með **A-ekonomi** 16.10 **Regionala nyheter** 16.15 **Go'kväll** 17.00 **Kulturyheterna** 17.15 **Regionala nyheter** 17.30 **Rapport** með **A-ekonomi** 18.00 **Uppdrag Granskning** 19.00 **Livvakterna** 20.00 **True Blood** 20.55 **Kulturyheterna** 21.10 **Livet i Fagervik** 21.55 **Den stora resan** 22.55 **Kriminaljouren**

STÖRLEIKIR Í MEISTARAÐEILD EVRÓPU

LIVERPOOL - LYON
AZ ALKMAR - ARSENAL
REAL MADRID - AC MILAN
CHELSEA - ATL.MADRID
CSKA MOSKVA - MAN.UTD.

FORSETABÍKARINN

SPORT besta sætið

ENSKI DEILDARBÍKARINN
ARSENAL - LIVERPOOL

FRANSKI BOLTINN

SILFURDREINGIRNIR Í ÞÝSKA HANDBOLTANUM

STÖRLEIKIR Í ENSKA BOLTANUM

LIVERPOOL - MAN.UTD.
25. OKTÓBER


SPORT 2 enski boltinn

RISARNIR METASTI OKTÓBER

FORMÚLA 1

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MORGUNMATURINN



„Ég borða yfirleitt Cheerios með léttmjólk á morgnana. Um helgar borða ég brauð með sultu ef ég er heima, en ef ég er á ferð og flugi borða ég pylsu, eða samloku með rækjusalati.“

Björgvin Sigvaldason, hljóðmaður Ingós og veðurguðanna.

Stebbi trommari hættur í Fræbbblunum

Stefán Karl Guðjónsson, „Stebbi í Fræbbblunum“, hefur sagt skilið við bandið. Hann og Valgarður Guðjónsson, „Valli í Fræbbblunum“, voru einu upprunalegu meðlimirnir bandsins. „Það er vita-skuld mikill missir í Stebba, enda er hann frábær tónlistarmaður,“ segir Valli. „Það var bara algjörlega útilokað að halda áfram samstarfinu. Það var búið að vera langvarandi ósætti um það hvernig ætti að æfa og hvernig ætti að standa að tónleikum og hvaða atriði skiptu máli hjá hljómsveitinni. Hann var einn á öðru máli en hinir í hljómsveitinni. Við vorum búnir að reyna allt til að halda þessu áfram með honum, en þetta er niðurstaðan, því miður.“

Stebbi trommaði á frægum Fræbbbla-tónleikum í Kópavogsbíói 1978 þegar pönkið kom til Íslands og sérstakur trommu-leikur hans og tilburðir við settið hafa verið stór hluti af aðdráttar-aflí Fræbbblanna. Bandið heldur áfram án Stefáns. „Ég vildi skipta alveg um nafn en allir aðrir vildu halda því. Niðurstaðan var að gera smá breytingu, hljómsveitar-nafnið verður skrifað með tveimur béum hér eftir, ekki þremur, Fræbbblarnir,“ segir Valli. Sá sem kemur í stað Stebba er Guðmundur Þ. Gunnarsson, sem spilaði með Tappa tíkarrass og Das Kapítal. „Við ætlum að vinna nýtt efni og stefnum á nýja plötu,“ segir Valli.

- drg



STEBBI Á GÓÐU KVÖLDI Á GRAND ROKKI Hættur í Fræbbblunum eftir 31 árs feril (með hléum).

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ungur fugl, 6. í röð, 8. mjög, 9. loga, 11. 999, 12. verslað, 14. djgur-mæli, 16. líka, 17. hyggja, 18. við, 20. forfaðir, 21. blaðra.

LÓÐRÉTT

1. afl, 3. átt, 4. planta, 5. angan, 7. verkfæri, 10. inngangur, 13. ot, 15. uppuríð, 16. mælieining, 19. spil.

LAUSN

búið, 16. ohm, 19. ás.
5. ílm, 7. slægja, 10. dyr, 13. pot, 15.

LÓÐRÉTT: 1. þrek, 3. na, 4. gíttir, 17. trú, 18. hjá, 20. á, 21. mæsa.

LÁRÉTT: 2. ungi, 6. rs, 8. all, 9. eld, 11. ím, 12. keypt, 14. grottd, 16. og, 17. trú, 18. hjá, 20. á, 21. mæsa.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 10

- 1 Sarah.
- 2 Atli Guðnason FH og Katrín Jónsdóttir Val.
- 3 Jóhanna Vígdís Hjaltadóttir.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is



HANNADI FYRIR GORE

Hjalta Karlsson segir Gore afar þægilegan mann. Al Gore leitaði til Hjalta og félagar fyrir nýjstu bók sína.

HJALTI KARLSSON: „ÉG VAR HÁLFHRÆDDUR VIÐ AÐ HITTA HANN“

Hannaði bók fyrir Al Gore

„Það er skrítið að vinna með svona karakter. Í byrjun þældum við mikið í hvernig það væri og ég var hálfhræddur við að hitta hann, en hann var rosa næs,“ segir hönnuðurinn Hjalta Karlsson um Al Gore.

Hjalta og félagar hans á hönnunarstofunni KarlssonWilker í New York luku nýlega við að hanna bókina Our Choice: How We Can Solve the Climate Crisis eftir umhverfissinnann Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Tvær útgáfur af bókinni koma út í byrjun nóvember, en sú sem Hjalta og félagar hönnuðu er ætluð lesendum í aldursþópnum 10 til 14 ára. „Okkur fannst þetta mjög kúl.

Við höfum aldrei unnið verkefni sem er spes fyrir yngri hóp,“ segir Hjalta. „Al Gore tók mjög virkan þátt í verkefninu. Hann kíkti á síðurnar sem við vorum að hanna og við sátum fundi með honum. Hann var vonda næs. Ótrúlega rólegur gæi.“

Hjalta segir að það hafi verið mjög þægilegt að vinna með Al og að hann væri laus við hroka þótt hann væri fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna og hafi hlotið Nóbelsverðlaun. „Hann er rosalega kurteis og kunnir að meta allt sem við gerðum. Það var mjög þægilegt að vinna með honum. Hann setti lítið út á verkin okkar.“

Markmið bókarinnar er að hún

verði hálfgerð umhverfisverndunarbiblíja fyrir bandarísk börn. „Þeir binda miklar vonir við að kennarar, skólar og bókasöfn taki vel í bókina,“ segir Hjalta og bætir við að það hafi ekki verið auðvelt verkefni að hanna fyrir börn, en hann er engu að síður mjög sáttur við útkomuna.

Hönnunarstofan KarlssonWilker er í helmingsseigu Hjalta sem hefur búið í New York síðustu ár. Hann hefur getið sér gott orð fyrir vinnu sína og meðal annars hannað umslög fyrir Rolling Stones, David Byrne og Aerosmith, gert tónlistarmyndband fyrir Lou Reed og unnið fyrir risa á borð við MTV og Puma.

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Viðtal við listamanninn og ljósmyndarann **Rebekku Guðleifs-dóttur** þekur sex síður í 125 ára afmælisútgáfu tímaritsins Amateur Photographer, sem kom út í vikunni. Allar myndirnar sem fylgja viðtalinu eru eftir Rebekku, en hún er annar Íslendingurinn sem er tekinn fyrir í tímaritinu. Sá fyrsti var enginn annar en Moggahetjan RAX. Rebekka komst í fréttirnar á dögum fyrir allt annað, en ríkur Ameríkani keypti af henni sérhannaða lopapeysu á 120.000 krónum.



Það er heldur betur hvaríð í kringum Baltasar Kormák. Ekki einasta hefur verið tilkynnt að hann leikstýri Mark Wahlberg í endurgerð á Reykjavík-Rotterdam. Sama dag kom í ljós að uppsetningu hans á Gerplu í Þjóðleikhúsinu hefur verið frestað. Gerpla átti að vera jólasýning Þjóðleikhússins en hefur verið færð fram í febrúar. Jólasýningin verður Óliver í leikstjórn **Selmu Björnsdóttur**.

Villi Naglbítur kláraði samning sinn um sunnudagsþætti á Rás 2 um síðustu helgi. Þættirnir hafa notið talsverðra vinsælda og segir sagan að Villa bjóðist áframhaldandi starf í Efstaleiti. Hins vegar mun vera frágengið að Guðni Már Henningsson taki hans vakt sunnudögum og hætti þar með í Popplandi. **Heiða Ólafsdóttir** sem verið hefur í afleysingum kemur þá fastráðin inn í Popplandi.

-afb, hdm



Lærðu lingóið á Hrauninu

„Þetta er Hraunslingó, sem sagt lúxusrassgat,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Fangavaktarinnar.

Lúxusrassgat er nýyrði sem kom fram í Fangavaktinni á sunnudag. Samfangi Georgs og Daniels nefndi við þann síðarnefnda að mamma hans væri með lúxusrassgat, en þau rúma meira magn af fíkniefnum en hefðbundin rassgöt. Nýyrðið heyrðu Ragnar og félagar á Litla-Hrauni.

„Þegar við vorum að byrja á handriti síðasta haust fórum við í nokkrar heimsóknir upp á Hraun og hittum menn og áttum spjall, bæði við fanga og fangaverði,“ segir Ragnar. „Við fengum ráð um hvernig hlutirnir færu fram og hvaða tungumál væri notað. Við reyndum að hafa þetta eins trúverðugt og hægt var. Við erum ekki að búa til ímyndað Litla-Hraun. Við erum að reyna að nýta okkur sögur sem við höfum heyrt, þó að allt sé stílfært.“

Inntur eftir nánari útskýringu á



ALGJÖR LÚXUS Innvortis geymslurými fólks er misjafnt, eins og fram kom í Fangavaktinni. Ragnar Bragason leikstjóri segir lúxusrassgöt taka allt að 200 grömm.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lúxusrassgötum hefur Ragnar svör á reiðum höndum. „Venjulegt rassgat tekur svona 80 til 100 grömm, en lúxusrassgat getur tekið allt að tvöfalt meira en það,“ segir hann.

„Þetta er bara beint upp úr samtölum við menn. Menn hafa í gegnum tíðina fundið sér ýmsar smygilleiðir með eitrylf og annan varning inn á Hraunið. Þetta er ein af þeim.“ - afb

Auglýsingasími

512
5050




- Mest lesið

REYNDU AFTUR

MAGNÚS EIRÍKSSON ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Í TILFNI ÚTKOMU ÆVISÖGU MAGNÚSAR EIRÍKSSONAR OG ÚTGÁFU SAFNDISKS MÆÐ MAGNÚSI OG HLJÓMSVEITINNI BUFF VERÐUR EFNT TIL STÓRTÓNLEIKA NORDAN OG SUNNAN HEIDA.



MAGNÚS EIRÍKSSON
REYNDU AFTUR
ÆVISAGA

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í KA-HEIMILINU
AKUREYRI LAUGARDAGINN 10. OKTÓBER
KL. 20:30 (FORSALA Í KA-HEIMILINU OG
EYMUNDSSON).

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í NASA REYKJAVÍK
FIMMTUDAGINN 22. OKTÓBER KL. 20:30
(FORSALA Á MIDI.IS).

Á BÁÐUM TÓNLEIKUNUM KOMA FRAM:

MANNAKORN MÆÐ ÞAU MAGNÚS, PÁLMA
GUNNARSSON OG ELLEN KRISTJÁNSDÓTTUR
Í FARARBRODDI.

HLJÓMSVEITIN BUFF ÁSAMT MAGNÚSI.



MAGNÚS EIRÍKSSON
ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI BUFF

REYNDU AFTUR
SÚM
1996

ÞÚ REYNDIR ALLT, TIL ÞESS
AT RÆÐA VIÐ MIG
Í GEGN UM TÍÐINA ÉG HLUSTAÐI
EKKI Á ÞIG
ÉG GEEK ÁFRAM MINN VEG
NIBUR TIL HELJAR, HÉR UM BIL
REYNDU AFTUR, ÉG KESTI SÓ
OG VEIT ÞU SKIL

NÚ HVERT SEM ER, JAKI ÉG
FVLOJA ÞÉR, ÞÁR ESJUMA TIL
TUNGLSINS, TRÚDU MÉR
ÉG GEEK, MINN DRÉIÐA VEG
HELJAR, HÉR UM BIL
KESTI SÓ



BUFF

ÞEGAR SNILLINGARNIR Í BUFF FARA
Í SMÍÐJU SNILLINGSINS MAGNÚSAR
EIRÍKSSONAR GETUR ÚTKOMAN
EKKI VERIÐ ANNAD EN SNILLDI!
- DR. GUNNI

sögur
ÚTGÁFA

www.baekur.is



BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

Glatað tækifæri

Það gastaði um vinstri menn hér á landi eftir kosningarnar í apríl. Þjóðin hafði veitt minnihlutastjórninni umboð sitt til að takast á við vandann og gert hana að meirihlutastjórn. Tveir vinstri flokkar höfðu fengið meirihlutafylgi; nokkuð sem aldrei hafði áður gerst í sögunni. Enga meðreiðarsveina þurfti með og hægt var að teikna upp vinstri stjórn eins og vinstri menn vildu hafa hana.


OG metnaðurinn til þess var skýr. Í Norræna húsinu var stjórnin kynnt og til norðurlandanna skyldi horft. Norræn velferðarstjórn var markmiðið og stjórnarflokkarnir gundu af því að nú yrði frjálshyggjunnin - sem þeir sögðu hafa ráðið hér óhefta síðustu ár - vísað frá háborðinu og út í horn. Félagshyggjan skyldi ráða ferðinni og með hana í huga yrðu allar stjórnvaldsákvæðanir teknar.

STJÓRNIN dró enga dul á að erfið verkefni biði hennar. Allir þeir sem settust í ráðherrastól hafa gert sér grein fyrir að þeirra biðu erfið verkefni, niðurskurður, uppsagnir og samdráttur. Hafi einhver ekki gert sér grein fyrir því í apríl hefur sá hinn sami verið blindur. Leiðin var hins vegar vörðuð í grófum dráttum. Samið hafði verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, samið skyldi um Icesave, helstu línur í niðurskurði lágu fyrir og ljóst var að skattaþyrfti að hækka. Nákvæmar línur höfðu ekki verið dregnar, en útlínur rissaðar upp. Þannig var staðan strax í árdaga stjórnarinnar.

NÚ virðist hins vegar svo komið að stjórnin gæti fallið. Miklar deilur innan annars stjórnarflokksins hafa skekið hana og óljóst er hvort hún lifir það af. Svo virðist sem menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað biði þeirra þegar samið var um stjórnina í vor. Að menn hafi ekki áttað sig á hve risavaxið verkefni beið þeirra, að nú reyndi á hverja menn þeir geymdu andspænis vandanum. Nú yrði ljóst hverjir hefðu það hlutverk að leiða þjóðina til sælli tíma og hverjir væru í stjórn málum eingöngu til að gagnrýna.

SPRINGI stjórnin á næstunni er ljóst að sögulegt tækifæri fer forðum. Trauðla mun sú staða koma upp aftur að tveir vinstri flokkar nái meirihluta og geti mótað samfélagið að hugmyndum sínum með norræna velferðarhugsjón að vopni. Hún er því mikil ábyrgðin sem hvílir á herðum þeirra stjórnarliða sem véla um framtíð stjórnarinnar.

VONANDI bera þeir gæfu til að setja eigin persónu til hliðar og horfa á hugsjónirnar. Annars eru þeir ekki merkilegir stjórnsmálsmenn.



GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 7. október 2009, 280. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.54	13.16	18.35
Akureyri	7.42	13.00	18.17

Heimild: Almanak Háskólans

2

FALDIR

VILDARÞUNKTAR

HJA ÓB

7.-12. OKTÓBER

-2 KR. MEÐ ÓB-LYKLINUM - ALLTAF







Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is



Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 - júlí 2009.